SIGRÍÐUR BJARNADÓTTIR

*Spilar ringó og eykur þannig úthald og styrk*

• heilsa

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



ÍVAR BJARKLIND

*Styrktur af atvinnu-mönnunum okkar*

Fór af stað í miðju bankahruni

FÓLK 26









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. október 2009 — 254. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**



**Músíkölsk fjölskylda**

Spilmenn Ríkínis hafa gefið út sinn fyrsta geisladisk og spila þar þjóðlega tónlist á forn hljóðfæri.

TÍMAMÓT 18

**Hrifinn af FM Belfast**



Blaðamaður Telegraph furðar sig á fjölda klukkuverslana í höfuðborginni.

FÓLK 26

**Oflætistaktar**

Þeir sem óttast miðstýringu ESB ættu að setja sig í spor landsbyggðarfólks, skrifar Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 14



**Landsliðið aftur saman**

Karlalandsliðið í handbolta hóf stífa æfingaviku í gær.

ÍÞRÓTTIR 21

**VEÐRIÐ Í DAG**




**Hvessir sunnanlands** í dag verða austlægar áttir, víða 3-8 m/s en 8-15 m/s við suður- og suðausturströndina. Hvessir enn meira á köflum S- og SA-lands í kvöld.

VEÐUR 4






# Kosið verður aftur um stækkun í Straumsvík

**Nægum undirskriftum hefur verið safnað í Hafnarfirði til að kjósa verði á ný um stækkun álversins í Straumsvík. Bæjarstjórinn segir Alcan þurfa að ákveða hvort stækkun sé enn á dagskrá. Alcan vill ekki skoða málið fyrr en eftir kosninguna.**

**STÓRIÐJA** Nægum fjölda undirskrifta hefur verið safnað í Hafnarfirði til að kjósa verði aftur um deiliskipulagstillögu Alcan. Hún gerir ráð fyrir stækkun álversins í Straumsvík. Fjórðungur bæjarbúa á kjörskrá þarf að krefjast atkvæðagreiðslunnar samkvæmt reglum bæjarins og hefur athugun bæjarstarfsmanna á undirskriftalistanum, sem var fullkláraður í sumar, leitt í ljós að hann fullnægir öllum skilyrðum.

Á fundi bæjarráðs síðasta fimmtudag var samþykkt að fela starfsmönnum skipulags- og byggingasviðs „að taka upp viðræður við stjórnendur álversins um stöðu umrædds deiliskipulags og önnur þau atriði sem lúta að útfærslu þess,“ að því er segir í fundargerð.

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri segir að boltinn sé nú hjá stjórnendum Rio Tinto Alcan. Deiliskipulagið sé þeirra og nú þurfi að athuga hug þeirra til þess á ný. „Eru þeir í sömu stöðu og fyrir tveimur árum og óska eftir að fara með þessa tillögu fram vegna mögulegrar stækkunar eða hefur eitthvað breyst í þeim efnum?“ spyr Lúðvík.

Ólafur Teitur Guðnason, upplýsingafulltrúi Rio Tinto Alcan, segir hins vegar að reglurnar um atkvæðagreiðslu af þessu tagi séu skýrar: Ef undirskriftir berist frá fjórðungi bæjarbúa á kjörskrá beri að halda atkvæðagreiðsluna. Það sé alls ekki háð vilja Alcan.

Aldrei hafi borist neitt formlegt svar frá bæjaryfirvöldum við umsókn Alcan um byggingarleyfi, heldur aðeins verið litið á niðurstöðu fyrri atkvæðagreiðslunnar sem ígildi neitunar. Því megi líta svo á að umsóknin standi enn.

„Ef vilji reyndist fyrir því í bænum að leyfa þessa framkvæmd myndum við örugglega skoða sérstaklega hvort það væri möguleiki og þá hvenær,“ segir Ólafur. „En það verður ekkert skoðað fyrr en fyrir liggur hvort vilji er fyrir því í bænum.“

Lúðvík segir ómögulegt að segja til um það að svo stöddu hvenær atkvæðagreiðsla gæti farið fram, en reglum samkvæmt þurfi hún að fara fram innan við tveimur mánuðum eftir að bæjarstjórn ákveði að ráðast í hana. Heimildir Fréttablaðsins herma að nú sé litið til þess að atkvæðagreiðslan gæti farið fram samhliða sveitarstjórnarkosningum næsta vor. **- sh**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SKOÐAÐ Í EYRU** Vilhjálmur Ari Arason skoðar lítinn sjúkling. Hann segir vísbendingar um að notkun sýklalyfja auki líkur á frekari sýkingum. Tölur um notkun sýklalyfja og fjölda barna með rör í eyrum í Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum styðja þetta.

Lyfjaónæmum bakteríum fjölgar og standa Íslendingar illa að vígi:

## Sýklalyf virðast auka líkur á sýkingum

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknisembættið hefur gefið út nýjar leiðbeiningar um meðferð við bráðri eyrnabólgu. Ástæðan er meðal annars ör fjölgun lyfjaónæmra baktería í heiminum en þar standa Íslendingar mjög illa að vígi. Sýklalyfjanotkun hér er allt að fjörutíu prósentum meiri en annar staðar á Norðurlöndunum.

„Vísbendingar eru um að notkun sýklalyfja auki líkur á frekari sýkingum,“ segir Vilhjálmur Ari Arason læknir. Rannsóknir sýna að á meðan snardró úr notkun sýklalyfja á Egilsstöðum þurftu færri börn að fá rör í eyrun. Í Vestmannaeyjum jókst notkunin og lætur nærri að annað hvert barn þar fái rör vegna ítrekaðra sýkinga í eyrum. **- kdk / sjá Allt**



**AFKASTAMIKILL** Svörtuloft, nýjasta bók Arnaldar, kemur út á sunnudaginn.

Arnaldur Indriðason:

## Sex milljónir eintaka seldar

**FÓLK** Arnaldur Indriðason nálgast nú óðfluga sex milljóna múrinn í seldum eintökum á heimsvísu.

Rithöfundurinn hefur því selt tæpa milljón eintaka af bókum sínum á einu ári. Fréttablaðið greindi frá fyrir ári að fimm milljónir eintaka hefðu selst af bókum Arnaldar.

Nýjasta bók Arnaldar, Svörtuloft, kemur út á sunnudaginn en starfsfólk Eymundsson hyggst taka daginn snemma og keyra bókina út til þeirra sem tryggja sér eintak í forsölu. **- fgg / sjá síðu 26**

SÍ um byggingarfyrirtæki:

## Helmingur lána í vanskilum

**ATVINNUMÁL Stuttur líftími lána til byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar gæti valdið fyrirtækjum í greininni erfiðleikum á næstunni. Þriðjungur lánanna fellur á gjalddaga á næstu tólf mánuðum og helmingur á næstu fjórum árum. Þetta sýnir gagnagrunnur Seðlabanka Íslands um útlán til fyrirtækja í lok júní 2009.**

**Seðlabankinn telur sérstaklega alvarlegt að á sama tíma og greiða þurfi þessi lán sé lítil sem engin velta á íbúða- og atvinnuhúsnæðismarkaði. Því séu líkur á að tekjur fyrirtækjanna verði litlar á sama tíma og endurfjármögnun sé nauðsynleg.**

**- shá / sjá síðu 6**







## SPURNING DAGSINS



*Palli, var þetta eins og í Palli var einn í heiminum?*

„Já, nema hvað þetta var enginn draumur.“

Páli Óskari Hjálmtýssyni bauðst að sitja einn í lúxussal Smárabíós og horfa á spánnýja heimildarmynd um Michael Jackson.

Tveir menn sem rændu úrsmið á Barðaströnd á Seltjarnarnesi dæmdir í eins og tveggja ára fangelsi:

# Hlaut tveggja ára fangelsi fyrir rán á Barðaströnd

**DÓMSMÁL** Fjórir ungir menn hlutu í gær fangelsisdóma fyrir þátt sinn í ráni á heimili aldraðs úrsmiðs á Barðaströnd á Seltjarnarnesi.

Þyngsta dóminn, tvö ár, hlaut Viktor Már Axelsson. Hann braust inn til úrsmiðsins til að stela þaðan verðmætum, en réðst síðan á úrsmiðinn þegar hann gekk óvænt í flasið á honum, sló hann tvívegis í höfuðið og batt hann á höndum og fótum.

Viktor játaði brot sitt að stórum hluta og varð það honum til refsilækkunar. „Á hinn bóginn verður að líta til þess að verknaður ákærða var gríðarleg misgerð við persónu og heimilisfrið aldraðs manns,“ segir í dómnum. Þá sé ekki unnt að líta framhjá því að Viktor hafi tvívegis brotist inn og stolið einungis tveimur dögum eftir að hann losnaði úr gæsluvarðhaldi vegna ránsins.

Marvin Kjarval Michelsen, sem braust inn í húsið ásamt Viktori, fékk eins árs fangelsisdóm. Marvin átti minni þátt í brotinu, beitti úrsmiðinn ekki ofbeldi, játaði brot sitt og ljóstraði upp um samverkamenn sína.

Skipuleggjandi innbrotsins, Axel Karl Gíslason, fékk tuttugu mánaða fangelsisdóm. Þar af er stór hluti eftirstöðvar gamals fangelsisdóms sem hann hlaut fyrir að ræna starfsmanni Bónuss á Seltjarnarnesi, einungis sextán ára gamall. Axel neitaði sök, en var þó sakfelldur fyrir skipulagninguna. Ekki þótti sannað að hann hefði vitað að um rán yrði að ræða, heldur einungis þjófnað. Enginn sakborninganna er talinn hafa vitað að úrsmiðurinn yrði heima.

Fjórði maðurinn, sem ók mönnunum á staðinn, hlaut þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm.

Viktor og Marvin eru auk þess dæmdir til að greiða úrsmiðnum 800 þúsund krónur í bætur. Fjölda fágætra úra, sem voru sum frá 19. öld, var stolið frá honum og aðeins nokkur skiluðu sér aftur. **- sh**



**DÆMDIR** Viktor, Axel og bílstjórinn huldu andlit sín fyrir ljósmyndurum við aðalmeðferðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Banki leiðréttir bílalán í erlendri mynt

**Íslandsbankinn ætlar að bjóða upp á leiðréttingu höfuðstóls bílalána í erlendri mynt. Greiðslubyrði kann að lækka um fjörutíu prósent. Möguleikinn verður í boði samhliða sértækum úrræðum ríkisstjórnarinnar eftir mánaðamótin.**

**VIÐSKIPTI** „Við höfum fundið fyrir mikilli þörf á lausnum vegna bílalána einstaklinga,“ segir Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka.

Bankinn mun kynna leið fyrir viðskiptavini bankans sem felur í sér leiðréttingu á höfuðstóli bílalána í erlendri mynt auk breytinga á höfuðstóli verðtryggðra bílalána og bílasamninga í íslenskum krónum.

Íslandsbanki kynnti fyrir mánuði leiðréttingu á höfuðstóli fasteignalána, fyrstur fjármálafyrirtækja. Fljótlega í kjölfar þess var að sögn Unu farið að skoða möguleika á höfuðstólsleiðréttingu bílalána.

Leiðrétting Íslandsbanka felur í sér að erlend bílalán færast yfir í íslenskar krónur á breytilegum óverðtryggðum 10,5 prósenta vöxtum fyrsta árið. Þá stendur viðskiptavinum bankans til boða að lengja greiðslutíma lánsins að hámarki um 75 prósent af þeim fjölda greiðslna sem eftir er af láninu. Það getur þó aldrei orðið meira en þrjú ár.

Við breytinguna er miðað við myntkörfugengi fyrir um það bil ári en reiknað er með að höfuðstóll bílaláni í erlendri mynt lækki um 23 prósent að meðaltali miðað við gengið 20. október síðastliðinn.

Höfuðstólsleiðrétting bankans verður í boði samhliða úrræðum stjórnvalda vegna skuldavanda heimilanna sem fór í gegnum Alþingi á föstudag og tekur gildi um mánaðamótin.




Dæmi um bílasamning í erlendri mynt. Lán var tekið 1. nóvember 2007 til sjö ára. Upphafleg fjárhæð var 2,5 milljónir króna. Greiðslubyrði eftir leiðréttingu miðast við hámarkslengingu lánsins, eða þrjú ár.

### MARGIR SKULDA MEIRA EN ÁRSTEKJUR

Hjá helmingi heimila með bílalán nema skuldir innan við fimmtíu prósentum af árlegum ráðstöfunartekjum. Fjórðungur þeirra skuldar meira en sem nemur árstekjum, samkvæmt Seðlabankanum.



Tólf þúsund einstaklingar eru með bílalán hjá Íslandsbanka.

„Þetta er í raun annar valkostur en greiðslujöfnunarúrræði ríkisins og það má segja að leiðréttingin nýtist þeim best sem vilja selja bifreið og greiða upp lán, eða þeim sem vilja eyða gengisáhættu og færa skuld sína í íslenskar krónur,“ segir Una.

Landsbankinn og Kaupþing hafa ekki fjármagnað bílakaup viðskiptavina sinna með sama hætti og Íslandsbanki. Avant, Lýsing og SP-Fjármögnun vísa öll til greiðsluúrræða stjórnvalda um mánaðamótin á vefsíðum sínum auk annarra úrræða fyrir viðskiptavini. Á meðal þeirra er lenging lána, greiðsla kröfu eða skil á bílnum upp í skuld.

**jonab@frettabladid.is**



**HEILBRIGÐ SVÍN** Svín jafna sig yfirleitt af flensunni á nokkrum dögum. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

H1N1 stingur sér niður víða:

## Svín talin með svínaflensu

**HEILBRIGÐISMÁL** Talið er að svínaflensa sé komin upp á einu stærsta svínabúi landsins, Minni-Vatnsleysu á Vatnsleysuströnd. Verið er að rannsaka það hvort um smit sé að ræða.

Á búinu eru um 4.000 dýr en einungis nokkur eru veik. Tveir starfsmenn fengu svínaflensu í vikunni sem leið og er hugsanlegt að svínin hafi smitast af þeim. Svín veikjast yfirleitt ekki mjög illa af flensunni og jafna sig fljótt. Ef um smit reynist að ræða verður reynt að halda því innan þessa eina bús. Útilokað er að fólk smitist af því að borða svínakjöt.

Tuttugu og sex sjúklingar lágu inni á Landspítala af völdum svínaflensu í gær. Þar af voru sjö á gjörgæslu. Að sögn sóttvarnalæknis er flensan nú á hraðri uppleið á landsbyggðinni en virðist hafa náð hámarki á höfuðborgarsvæðinu. Fólki með inflúensulík einkenni hefur fjölgað úr 1.640 í 1.677 í vikunni. **- jss, sh**

## DÓMSTÓLAR

### Sviptur í sjöunda sinn

Héraðsdómur Austurlands hefur dæmt karlmann á þrítugsaldri á níu mánaða skilorð fyrir að stela bíl og aka honum ölvaður og próflaus. Þrátt fyrir að hafa sjö sinnum áður verið dæmdur fyrir svipuð brot og sviptur ökurétti hefur maðurinn aldrei öðlast ökuréttindi. Hann var líka dæmdur fyrir innbrot og þjófnað á áfengi.

Innflytjendur vel menntaðir:

## Yfir helmingur með háskólapróf

**MENNTUN** Innflytjendur hér á landi hafa margir háskólamenntun án þess að leita eftir því að fá hana metna. Ný viðhorfskönnun á aðstæðum þessa hóps sýnir að yfir fimmtíu prósent hafa háskólamenntun en stór hópur velur að vinna láglaunastörf í stað þess að vinna störf sem tengjast menntun sinni.

Könnunin var samstarfsverkefni Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og Fjölmenningarseturs. 800 manns tóku þátt. **- shá**



**LÖGREGLAN** Vinnur hörðum höndum að rannsókn málsins.

Meint mansalsmál:

## Rannsóknin á viðkvæmu stigi

**LÖGREGLUMÁL Lögregla vann alla helgina að rannsókn meints mansalsmáls á Suðurnesjum. Um það bil tuttugu lögreglumenn af Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu hafa það með höndum. Ekki eru veittar upplýsingar að svo stöddu en málið sagt á mjög viðkvæmu stigi.**

**Á morgun rennur út gæsluvarðhald yfir sjö mönnum, sem setið hafa inni að undanförnu vegna rannsóknar málsins. Um tvo Íslendinga og fimm Litháa er að ræða. Rannsóknin snerist í fyrstu um meint mansal. Nú eru til rannsóknar fleiri brotaflokkar, þar á meðal peningaþvætti og ofbeldisbrot.**




Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins reyna til þrautar að bjarga stöðuleikasátt:

# Niðurstöðu að vænta í dag

**EFNAHAGSMÁL** Alþýðusambandið (ASÍ) og Samtök atvinnulífsins (SA) ræddu í gær um að segja sig frá stöðugleikasáttmálanum en framlengja engu að síður kjarasamninga sín á milli. Þetta staðfestir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, en segir það aðeins eitt fjölmargra atriða sem eru til skoðunar. Þessi lausn sé ekki líklegri en hver önnur.

Stjórnvöld lögðu fram drög að yfirlýsingu um hádegi í gær. Þar var tíundað hvernig þau eru tilbúin að beita sér svo stöðugleikasáttmálinn haldi. Aðilar vinnumarkaðarins sendu í kjölfarið viðbrögð sín við þeim texta og útfærslu ýmissa hugmynda.

Vilhjálmur segir að í ákveðnum atriðum séu ólíkar áherslur. „Við höfum verið að ræða um skattamálin, fjárfestingar, gjaldeyrishöft og vexti en líka sjávarútvegsmálin. Á flestum þessum sviðum er ennþá verið að togast á um hvað yfirlýsingin á að innihalda.“ Svar hafði ekki borist við tillögum aðila vinnumarkaðarins frá ríkisstjórninni seint í gærkvöldi.

SA heldur stjórnarfund í hádeginu. Þar mun stjórnin taka afstöðu til þess hvort kjarasamningar verða endurnýjaðir eða ekki. Félög innan ASÍ þurfa að gera slíkt hið sama. **- shá**



**Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSINU Í JÚNÍ** Vilhjálmur Egilsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Gylfi Arnbjörnsson bundu miklar vonir við sáttmálann við undirritun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Verðlækkun

## við rýmum fyrir nýjum vélum



## MacBook 13”

2,13GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
160GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjákort
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi , eitt FireWire 400
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth

~~Verð: 189.990.-~~

**Verð: 149.990.-**
Takmarkað magn

## Nýr iPod nano



Nýtt: innbyggð videoupptaka
Nýtt: FM- útvarp
Stærri skjár
2000-4000 lög / 8-16 klst. video
USB snúra og heyrnartól



margir litir

**Verð frá: 39.990,-**



### Já, getur keyrt Windows

og fer létt með það...

Sífellt fleiri kjósa tölvur frá Apple og nú eru engar afsakanir eftir þar sem tölvurnar geta keyrt hvaða hugbúnað sem er. Verðið ætti heldur ekki að hindra því Apple-tölvur eru orðnar ódýrari en aðrar PC-tölvur af sambærilegum gæðum.



### iLife ‘09

Stafrænn lífsstíll að hætti Apple sem inniheldur iPhoto, iMovie, GarageBand, iWeb og iDVD. iLife gerir Mac-notendum kleyft að skapa ótrúlegustu hluti og halda utan um ljósmyndir og hreyfimyndir á einfaldan máta. Að búa til fallegar heimasíður, ljósmyndabækur og kvikmyndir er leikur einn.



### Frí Apple námskeið

Varstu að kaupa þér Apple tölvu eða langar þig að læra meira? Þá getur þú kíkt á námskeið í Apple búðina að Laugavegi 182 og lært eitthvað nýtt.

**Námskeiðin eru án endurgjalds í allann vetur**
og þú þarft ekki að skrá þig, bara mæta.

Nánar um dagsetningu og tíma:
**www.apple.is/fraedsla**

**Apple búðin** | www.icemac.is
Sími: 512-1300 | **Opnunartími:**
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

## GENGIÐ 26.10.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,92 | 122,5 |
| Sterlingspund | 198,87 | 199,83 |
| Evra | 183,18 | 184,2 |
| Dönsk króna | 24,606 | 24,75 |
| Norsk króna | 22,005 | 22,135 |
| Sænsk króna | 17,986 | 18,092 |
| Japanskt jen | 1,328 | 1,3358 |
| SDR | 194,48 | 195,64 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,4058

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sextán ára sögu McDonald's á Íslandi lokið og ný veitingahúsakeðja verður til:

# Krónan felldi skyndibitastað

**VIÐSKIPTI** „Maður ræður við sveiflur í rekstri. En þetta ástand hefur nú varað í eitt og hálft ár. Kostnaðurinn hefur tvöfaldast og kíló af lauk kostar orðið álíka mikið og viskíflaska," segir Jón Garðar Ögmundsson, eigandi Lystar ehf., sem rekið hefur skyndibitastaðinn McDonald's hér á landi.

Dyrum skyndibitastaðarins verður lokað í síðasta sinn – í bili að minnsta kosti – um næstu mánaðamót á laugardag.

Jón segir reksturinn hafa gengið mjög vel, nú sem aldrei fyrr. Fall krónunnar hafi hins vegar komið harkalega niður á fyrirtækinu. Hráefni McDonald's, kjöt, brauð, sósur, grænmeti og ís, er flutt inn frá Þýskalandi tvisvar í viku. Ofan á hráefniskaup bætast innflutningstollar sem hafa ýtt verðinu upp. „Þetta tekur í," segir Jón, sem flytur inn á bilinu sextíu til sjötíu gáma af birgðum á ári fyrir um þrjú til fjögur hundruð milljónir króna.



**NARTAÐ Í FRANSKAR** Jón, sem hér ræðir við viðskiptavini McDonald's, opnar nýjan stað á sömu kennitölu á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jón ætlar að opna nýjan skyndibitastað í húsakynnum McDonald's á þremur stöðum í höfuðborginni strax á sunnudag undir merkjum Metro. Flest verður sambærilegt og áður en hráefnið innlent. Jón segir það muna miklu hjá innlendum framleiðendum enda hafi McDonald's selt um 1,5 milljónir hamborgara á hverju ári. „Við reiknum með að þetta jafngildi tíu til fimmtán störfum hjá íslenskum framleiðendum," segir Jón. - jab

## STIKLAÐ Á STÓRU

McDonald's-staðir eru nú um 63 þúsund talsins í 122 löndum.

Útibú eru í öllum Evrópuríkjum nema í Albaníu, Armeníu, Bosníu og Hersegóvínu, á Grænlandi, Norður-Kýpur og í Vatíkaninu.

McDonald's var opnað hér í september 1993. Davíð Oddsson, þá forsætisráðherra, keypti fyrsta borgarann.

Í Big Mac-vísitölu Economist er borið saman verð á Big Mac víða um heim. Í sumar kostaði Big Mac 3,57 dali í Bandaríkjunum. Hér kostaði hann jafnvirði 4,99 dala og var um fjörutíu prósentum dýrari en þar. Dýrastur var borgarinn í Noregi en þar kostaði hann jafnvirði 6,15 dala og var 73 prósentum dýrari en í Bandaríkjunum.

Helsti kúnni Madoffs látinn:

## Átti að endurgreiða milljarða

**VIÐSKIPTI** Milljarðamæringurinn Jeffry Picower fannst látinn í sundlaug sinni við glæsivillu á Palm Beach í Flórída í Bandaríkjunum í fyrradag. Talið er að hann hafi drukknað.



BERNARD MADOFF

Picower, sem var 67 ára, var lögmaður og endurskoðandi en hagnaðist vel á arðgreiðslum frá fjársvikahrappinum Bernard Madoff.

Madoff er sekur um að hafa svikið 65 milljarða dala, jafnvirði tæplega átta þúsund milljarða króna, af þúsundum viðskiptavina sinna. Hann afplánar nú 150 ára fangelsisdóm fyrir svikin.

Picower átti yfir höfði sér málsókn þar sem hann var krafinn um endurgreiðslu á 6,7 milljörðum dala. - jab

14 Bandaríkjamenn létust:

## Mannskæðasti dagurinn í 4 ár

**KABÚL, AP Fjórtán Bandaríkjamenn létust í Afganistan í þyrluslysum í gær eftir skotbardaga við meinta fíkniefnaframleiðendur. Meðal þeirra látnu voru þrír fulltrúar úr fíkniefnalögreglu Bandaríkjanna.**

**Ekki hafa fleiri Bandaríkjamenn látist í Afganistan á einum degi í ríflega fjögur ár. Þetta eru einnig fyrstu dauðsföll Bandaríkjamanna í fíkniefnastríðinu í landinu sem hófst árið 2005.**

**Í öðru slysinu fórust tíu þegar þyrla hrapaði eftir skotbardaga. Í hinu skullu tvær þyrlur saman í miðjum bardaga og fórust. Þar létust fjórir.** - sh

# Orkuskattur leggist ekki á nýfjárfestingu

**Til skoðunar er að undanskilja nýfjárfestingu frá greiðslu fyrirhugaðra orku-, umhverfis- og auðlindaskatta. Þannig megi laða að erlenda fjárfestingu. Forstöðumaður Fjárfestingarstofunnar segir skattana draga úr samkeppnishæfni Íslands.**

**STJÓRNMÁL** Fyrirhugaðir orku-, umhverfis- og auðlindaskattar, sem samkvæmt fjárlagafrumvarpinu eiga að skila ríkissjóði sextán milljörðum króna í tekjur á næsta ári, veikja samkeppnisstöðu Íslands og munu vega þungt í ákvörðunum útlendinga um fjárfestingar á Íslandi.

Þetta segir Þórður H. Hilmarsson, forstöðumaður Fjárfestingarstofunnar, sem hefur það hlutverk að laða erlenda fjárfesta til landsins. Útflutningsráð og iðnaðarráðuneytið starfrækja Fjárfestingarstofuna.

Björn Valur Gíslason, þingmaður VG og varaformaður fjárlaganefndar, segir rætt um að veita nýfjárfestum skattalegt hagræði svo laða megi erlenda fjárfestingu til landsins. Slíkt hagræði gæti verið í gildi í nokkur ár.

Í Morgunblaðinu í gær upplýsti Eyjólfur Árni Rafnsson, forstjóri verkfræðistofunnar Mannvits, að erlend fyrirtæki sem hefðu undirbúið sjö ólík verkefni hér á landi, öll grundvölluð á orkunýtingu, hefðu sett áform sín í biðstöðu þegar þeim hefði orðið ljóst að í bígerð væri að leggja á sérstakan orkuskatt.

Þórður H. Hilmarsson segir erlenda aðila ekkert ákveða um fjárfestingar hér fyrr en fyrir liggi hvernig fyrirhugaðri skattlagningu verði háttað. Ákvarðanaferlið sé jafnan viðkvæmt og breytingar á viðskiptaumhverfinu séu til baga. Spurður hvort „hófsamir" skattar, eins og stjórnvöld hafa nefnt fyrirhugaða skattlagningu, fæli fjárfesta frá segist Þórður spyrja á móti hvað sé hófsamt. Auk þess sé ávallt hætt við að skattar sem þessir hækki. Tónninn hafi verið gefinn.



**GAGNAVER Á MIÐNESHEIÐI** Unnið er að byggingu gagnavers Verne Holding á gamla varnarliðssvæðinu. Víða gætir ótta um að sérstakir orkuskattar fæli erlenda fjárfestingu frá landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÞÓRÐUR H. HILMARSSON



BJÖRN VALUR GÍSLASON

Björn Valur Gíslason bendir á að tekjuskattur fyrirtækja á Íslandi sé lægri en almennt gerist annars staðar og muni þar talsverðu. Vel megi hugsa sér, og það sé raunar til skoðunar, að veita erlendum aðilum sem hyggi á nýfjárfestingar tímabundnar skattaívilnanir en ófært sé að fyrirtæki sem hér hafi starfað telji sig ekki fær um að taka þátt í endurreisn samfélagsins. „Stóriðjan, til dæmis, segist í einu orðinu vera samfélaginu mikilvæg og nánast ómissandi en í hinu orðinu segist hún ekki geta tekið þátt í að losa okkur út úr þessum vandræðum. Hótanir manna um að hér fari allt til fjandans ef þeir fá ekki sínu framgengt eru ekki boðlegar. Stóriðja, útgerð og aðrir ættu að koma að þessu borði frekar en að setja alltaf hnefann í það."

bjorn@frettabladid.is

Aflakóngur smábátamanna:

## Veiddi fjórtán hundruð tonn

**SJÁVARÚTVEGSMÁL Ragnar SF-550 frá Hornafirði varð aflahæstur smábáta á síðasta fiskveiðiári með 1.329 tonna afla. Skipstjóri á Ragnari er Arnar Þór Ragnarsson. Þetta kom fram á aðalfundi Landssambands smábátaeigenda.**

**Í máli Arnar Pálssonar, framkvæmdastjóra LS, kom fram að það hefði borið til tíðinda að hornfirskur smábátur hefði nú rofið áralanga einokun bolvískra smábáta um mesta afla smábáta. Arnar Þór og áhöfn hans háði harða keppni við Sigurgeir Þórarinsson á Sirrý frá Bolungarvík, sem hampaði titlinum mesti fiskimaður smábátaflotans 2008. Þetta árið munaði aðeins fjórum tonnum á þeim félögum.** - shá

Viðskiptaráðherra svarað:

## Bankafólk má skoða gögn um fjármál manna

**EINKAMÁLEFNI** Kveða þarf sérstaklega á um það í lögum ef viðskiptamenn fjármálafyrirtækja eiga að fá rétt til þess að vita hvaða starfsmenn fyrirtækjanna hafi skoðað upplýsingar um fjármál viðskiptamannanna. Þetta segir Persónuvernd í tilefni af fyrirspurn Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra. Í ráðuneyti hans er unnið að breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki.



GYLFI MAGNÚSSON

Persónuvernd segist hafa túlkað núverandi lög þannig að fólk eigi ekki rétt á að vita hvaða upplýsingar berist milli einstakra starfsmanna þess banka sem það á í viðskiptum við. - gar

SÉRSNIÐIN HEYRNARTÆKI FYRIR ALLA!
HEYRNARSTÖÐIN
Læknastöðin, Kringlunni • Tímapantanir 568 7777 • heyrnarstodin.is

## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir
Veðurfréttamaður

**LÆGÐ Á LEIÐINNI**
Í dag hvessir heldur sunnan- og suðaustan til og búast má við hvassviðri um tíma. Áfram verður hægur vindur í öðrum landshlutum. Súld S- og SA-lands en annars úrkomulítið. Næstu daga hlýnar heldur á landinu, það verður vætu- og vindasamt.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 10° |
| Eindhoven | 15° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 17° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 16° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 8° |
| París | 16° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


HALLGERÐUR „LANGBRÓK“
HÖSKULDSDÓTTIR
Einn mesti kvenskörungur sem sögur fara af á Íslandi. Hún þótti kvenna fegurst en að sama skapi stórlynd og óstýrilát.
31
VÖRÐUR
LÍF- OG HEILSUTRYGGING
Einföld trygging fyrir þá sem þú annt heitast
Hringdu í 514 1000 eða farðu inn á vörður.is
til að fá frekari upplýsingar og tilboð í líf- og heilsutryggingar.
EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF
vörður

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú prófað önnur stýrikerfi en Microsoft?*

| | |
|---|---|
| Já | 40% |
| Nei | 60% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á ríkið að kaupa af bönkunum listaverk sem talin eru mikilvæg fyrir íslenska listasögu?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Smölun á villtu fé til slátrunar á fjallhryggnum Tálkna verður reynd í dag:

# Vill ekki láta útrýma villtu fé

**LANDBÚNAÐUR** Smölun á villtu fé sem hefst við í kringum fjallshrygginn Tálkna verður reynd í dag á vegum Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Landið er afar erfitt yfirferðar og hefur þurft að skjóta það fé sem ekki næst til. Deilt er um það hvort þetta er nauðsynlegt en samkvæmt dýraverndunarlögum er lausaganga sauðfjár ekki leyfileg yfir veturinn af mannúðarástæðum. Það fé sem tekst að smala verður fært til slátrunar.

Ólafur Gunnbjarnarson, fyrrverandi fulltrúi í fjallskilanefnd þar vestra, segir að á Tálkna og svæðinu þar í kring séu að öllum líkindum um tuttugu kindur. Þær eru hluti af



**KINDUR** Fyrir 30 árum var reynt að útrýma fénu á Tálkna með því að skjóta það úr þyrlu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

villtum fjárstofni sem hefur hafst þarna við frá því um 1950 en nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að útrýma honum af fyrrgreindum ástæðum. „Síðast þegar þetta var gert var féð skotið og hræin voru skilin eftir á víðavangi.“ Alls voru 23 kindur skotnar árið 2004.

„Rökin fyrir þessum árásum eru þau að ekkert megi vera til sem heitir villt sauðfé,“ segir Ólafur. „Ég er hins vegar á þeirri skoðun að það eigi að láta stofninn vera.“

Ragnar Jörundsson, bæjarstjóri Vesturbyggðar, segir að lögin séu skýr og sveitarfélögunum sé gert að koma fénu af svæðinu. Bæði hafi sýslumaður og héraðsdýralæknir krafist þess. Hann efast um að hægt sé að leyfa fénu að vera. Hann vilji ekki til þess hugsa að féð svelti í hel eða hrapi af klettum í vondum veðrum. **- shá**

Queensland í Ástralíu:

# Risastór hákarl við baðströnd

**ÁSTRALÍA Brimbrettafólk í Queensland í Ástralíu fer sér nú varlega eftir að merki sáust um risastóran hvítháf undan vinsælli baðströnd þar.**

**Upp komst um skrímslið eftir að það hafði bitið annan hvítháf næstum því í tvennt. Til þess að verja baðstrandargesti í Ástralíu eru settar niður baujur um fimm hundruð metra frá landi. Neðan úr þeim hanga krókar með beitu. Þriggja metra hvítháfur tók einn krókinn og festist. Þá hefur skrímslið komið aðvífandi og telja yfirvöld að hann sé minnst sjö metra langur.**

**- ót**


# ESB Á MANNAMÁLI!

LOKSINS!




„Einsog leiftrandi spennusaga.“
*Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra*

★★★★
*Pétur Gunnarsson, Fréttablaðinu*

„Mikilvægt, áhugavert innlegg.“
*Bjarni Harðarson*

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK





Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

OFT ER AUGLÝST EFTIR
# BÓKARA!

## Grunnnám í bókhaldi

Markmið námskeiðsins er að þjálfa fólk til starfa við bókhaldsstörf. Námið er byggt upp á kennslu í verslunarreikningi (24 st.), bókhaldi (36 st.) og tölvubókhaldi (48 st.). Allar námsgreinar eru kenndar frá grunni. Nemendur þurfa að vera orðnir 18 ára og hafa grunnþekkingu á tölvum.

**108 stundir - Verð: 99.000.-**
**Verð fyrir atvinnulausa: 74.250.-**
Morgunnámskeið byrjar 2. nóvember.
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. nóvember.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI




**Í SEÐLABANKANUM Í GÆR** Arnór Sighvatsson aðstoðarbankastjóri, Már Guðmundsson bankastjóri og Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri Fjármálasviðs, kynntu ritið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Seðlabankinn getur ekki metið stöðuna

**Með fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunar stjórnvalda og AGS, sem virðist í höfn, er tímabært að hefja afnám gjaldeyrishafta. Seðlabankastjóri boðar stóraukið samstarf við Fjármálaeftirlitið. Staða bankakerfisins er enn óljós.**

**EFNAHAGSMÁL** Ekki liggja fyrir staðfestar upplýsingar um efnahag, rekstur og eignarhald banka og sparisjóða. Seðlabankinn getur því ekki lagt mat á stöðu fjármálakerfisins. Seðlabankinn telur ekki ólíklegt að yfirstandandi rannsókn á falli bankanna muni leiða í ljós að fleiru hafi verið ábótavant í rekstri þeirra en þegar er komið fram.

Útgáfa rits Seðlabanka Íslands, Fjármálastöðugleiki 2009, er við sérstakar aðstæður að þessu sinni en það var birt í gær. Seðlabankinn hefur ekki undir höndum fullnægjandi gögn til að meta hversu lagt uppbygging bankakerfisins er komin. Endurreisnin í tilfelli stóru viðskiptabankanna er langt komin en ekki er sömu sögu að segja um endurskipulagningu sparisjóðanna. Ekki er ljóst hvort hún kallar á mikil framlög úr ríkissjóði. Á móti kemur að endurskipulagning viðskiptabankanna mun reynast ríkissjóði léttbærari en í fyrstu var talið.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri kom inn á það í kynningarerindi sínu að þrátt fyrir að fjallað væri um fall fjármálakerfisins í ritinu væri ekki tekin afstaða til framgöngu stjórnvalda eða eftirlitsstofnana í þeirri atburðarás. Slíkt væri ekki æskilegt. Hann vék að því að nú hillti undir fyrstu endurskoðun á efnahagsáætlun AGS og stjórnvalda. Því væri tímabært að hefja afnám gjaldeyrishaftanna. Bindur hann vonir við að í kjölfarið opnist fyrir aðgang Íslands, og síðar bankanna, að erlendum lánamörkuðum.

Már segir að tengsl Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins (FME) séu eitt þeirra álitaefna sem skoða þurfi vandlega. Margt mæli með því að FME verði fært inn í Seðlabankann en haldi áfram sjálfstæði sínu að töluverðu leyti. Ástæðan sé einföld: Seðlabanki þurfi að hafa aðgang að svipuðum upplýsingum og fjármálaeftirlit búi yfir og því þurfi að tengja saman tæki fjármálaeftirlits og þjóðhagslega yfirsýn Seðlabankans.

Bankinn mun á næstunni endurskoða ýmsar varúðarreglur sínar með tilliti til bankahrunsins. Erfitt er að leggja mat á hvaða áhættuþættir steðja að fjármálakerfinu, vegna þess að upplýsingar um rekstur þeirra og efnahag liggja ekki að fullu fyrir. Áhættan er þó örugglega tengd óvissu um raunverulegt virði eigna þeirra og ójafnvægi í gjaldeyris- og gengismálum. **svavar@frettabladid.is**

## SEÐLABANKI UM SKULDIR FYRIRTÆKJA

- Gögn Seðlabankans benda til að fjöldi fyrirtækja gæti lent í greiðsluerfiðleikum á næstunni.
- Útistandandi lán íslenskra lánastofnana námu 4.600 milljörðum í júní.
- Eignarhaldsfélög skulda 1.000 milljarða. Upphæðirnar eru slíkar að vanskil gætu tafið endurreisn.
- Vanskil einkahlutafélaga eru meiri en annarra fyrirtækja, eða 57 prósent, og meirihluti lána þeirra er í alvarlegum vanskilum.
- Íslensk fyrirtæki eru mjög skuldsett í alþjóðlegum samanburði.
- Fjórðungur fyrirtækja er með lán í vanskilum.
- Byggingargeirinn er sérstaklega illa staddur. Helmingur lána fellur á gjalddaga á næstu fjórum árum og þriðjungur á næstu tólf mánuðum. Á sama tíma er lítil velta en þörf á endurfjármögnun mikil. Veð kunna að vera ófullnægjandi vegna eignarýrnunar.

## ÍSLAND TEKIÐ FYRIR Á MORGUN

Endurskoðun efnahagsáætlunar ríkisstjórnar Íslands verður á dagskrá stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á miðvikudaginn, ef marka má heimasíðu sjóðsins.

Eins og greint var frá í blaðinu á fimmtudag hefur verið búist við þessu síðan á miðvikudaginn, en þá sendu íslensk stjórnvöld áætlunina til sjóðsins.

Verði hún samþykkt af AGS fá stjórnvöld aðgang að öðrum hluta lánafyrirgreiðslu sjóðsins, 168 milljörðum Bandaríkjadala. Einnig opnast fyrir lánafyrirgreiðslu frá Norðurlöndunum og Póllandi. **- kóþ**


**Auglýsingasími**
512 50 50




– Mest lesið




# FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM Á TILBOÐI!

## VORUM AÐ FÁ Í VERSLUN OKKAR, NÝ OG GLÆSILEG FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM FRÁ BANDARÍSKA FRAMLEIÐANDANUM ERGOMOTION

### ERGOMOTION 400 LÍNAN

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 400 línan er með öflugu nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímarofa.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarpssendi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið fært niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysistakkinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysisstöðuna. Njóttu þægindanna og upplifðu þyngdarleysistilfinninguna. Staðan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóbak og axlir.



**ERGOMOTION 400**
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x97x203)
Verð 840.800 kr.
**NÚ 590.660 kr.**
**= 30% AFSLÁTTUR**

### ERGOMOTION 100 LÍNAN

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.



**ERGOMOTION 100**
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x97x203)
Verð 681.000 kr.
**NÚ 476.700 kr.**
**= 30% AFSLÁTTUR**



**ERGOMOTION ERGOSPORT**
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x97x203)
Verð 488.800 kr.
**NÚ 342.160 kr.**
**= 30% AFSLÁTTUR**

### ERGOMOTION ERGOSPORT

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.
- Ein besta þrýstijöfnunardýna sem er fáanleg er í dag fylgir botninum.

**ATH! VIÐ EIGUM FLEIRI TEGUNDIR AF DÝNUM Á ERGOMOTION HEILSURÚMIN**

ARGH! 201009

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað hefur forsetaembættið gert opinber mörg bréfanna sem rannsóknarnefnd Alþingis hefur til skoðunar?*
2. *Hvað ræða leiðtogar Suð-austur-Asíuríkja á yfirstandandi fundi sínum í Taílandi?*
3. *Hvað heitir nýr formaður Öryrkjabandalags Íslands?*

**SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26**

Hjúkrunarráð Landspítala um niðurskurðarkröfu stjórnvalda:

# Uppsagnir og lokanir deilda

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þegar litið er til þess að spítalanum er gert að lækka rekstrarkostnað um sex prósent milli ára og að rekstrarhalli síðasta árs var þrjú prósent er ljóst að segja verður upp starfsfólki og loka deildum með tilheyrandi áhrifum á þá bráða- og grunnþjónustu sem spítalinn veitir sjúklingum á landsvísu.“

Svo segir í ályktun sem samþykkt var á aðalfundi hjúkrunarráðs Landspítala fyrir helgi. Hjúkrunarráðið kveðst sjá sig knúið til að vara við. Bent er sérstaklega á að verði hjúkrunarfræðingum fækkað geti það ógnað öryggi sjúklinga. Rannsóknir hafi sýnt að sérþekking hjúkrunarfræðinga stuðli ekki aðeins að betri þjónustu heldur geti fyrirbyggt innlagnir, stytt legutíma og komið í veg fyrir fylgikvilla. Sérþekkingin sé þannig þjóðhagslega hagkvæm.

„Íslenska heilbrigðiskerfið stenst fyllilega samanburð við heilbrigðiskerfi annarra landa,“ segir enn fremur í ályktuninni. „Mikilvægt er að tímabundnir erfiðleikar í íslensku efnahagslífi verði ekki til þess að stoðunum sé kippt undan því til lengri tíma. Hjúkrunarráð skorar á stjórnvöld að standa vörð um íslenska heilbrigðiskerfið.“ **- jss**



**LANDSPÍTALINN** Hjúkrunarráð spítalans varar stjórnvöld við þeim afleiðingum sem stórfelldur niðurskurður geti haft í för með sér.

Systir Fidels Castro:

# Njósnaði fyrir Bandaríkin

**BANDARÍKIN** Juanita Castro, systir kúbverska leiðtogans Fidels Castro, hefur upplýst að hún hafi njósnað um bróður sinn fyrir bandarísku leyniþjónustuna CIA.

Juanita segist hafa njósnað fyrir CIA frá 1961 til 1964 en þá flúði hún og fékk hæli í Bandaríkjunum. Hún segist ekki hafa talað við bræður sína Fidel og Raúl í fjörutíu ár. Ævisaga Juanitu er væntanleg á næstu dögum. Þar skýrir hún meðal annars frá njósnum sínum. Hún segist upphaflega hafa verið hlynnt byltingu bróður síns. Smám saman hafi hún síðan misst trúna á byltinguna. **- ót**

Mikil framleiðni í Asíu:

# Góður hagvöxtur í S-Kóreu

**EFNAHAGSMÁL** Hagvöxtur jókst um 2,9 prósent í Suður-Kóreu á þriðja ársfjórðungi samanborið við 2,2 prósenta hagvöxt á öðrum ársfjórðungi.

Niðurstaðan er umfram spár enda hefur annar eins hagvöxtur ekki sést í Suður-Kóreu síðan á vordögum 2002. Stjórnvöld þar í landi gripu snemma til viðamikilla björgunaraðgerða gegn fjármálakreppunni, svo sem með snarpri lækkun stýrivaxta. Seðlabankinn þar í landi upplýsti hins vegar í gær að hagvöxturinn hefði öðru fremur verið knúinn áfram af framleiðniaukningu fremur en útflutningi. Fréttastofa Reuters segir niðurstöðuna kunna að leiða til þess að stýrivextir verði ekki hækkaðir fyrr en í fyrsta lagi á nýju ári. **- jab**



**LITLA-HRAUN** Fangaverðir fundu tugi gramma af amfetamíni í DVD-spilara.

Fangi á Litla-Hrauni:

# Með amfetamín í DVD-spilara

**DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir að hafa falið rúm fjörutíu grömm af amfetamíni í DVD-spilara, sem fangaverðir fundu við leit í fangaklefa á Litla-Hrauni.**

**Maðurinn á að baki langan og fjölbreyttan sakaferil allt frá árinu 2001. Á þeim tíma hefur hann hlotið sautján dóma.** **- jss**

# Karadzic skrópaði í eigin réttarhöldum

**Radovan Karadzic mætti ekki fyrir dóm í gær þegar rétta átti yfir honum fyrir stríðsglæpi. Segist þurfa níu mánuði til viðbótar til að undirbúa málsvörn sína.**

**HAAG** Réttarhöldum yfir Radovan Karadzic, fyrrverandi leiðtoga Bosníuserba, fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag, var í gær frestað um einn dag vegna fjarveru sakborningsins. Karadzic boðaði fjarvist sína með stuttum fyrirvara í gærmorgun og sagðist jafnframt ekki myndu mæta í náinni framtíð – hann þyrfti minnst níu mánuði til viðbótar til að undirbúa málsvörnina.

Dómari krafðist þess hins vegar við þinghaldið í gær að Karadzic, sem hyggst verja sig sjálfur, mætti í dag. Yrði framhald á þessari óhlýðni gæti dómurinn skipað honum verjanda sem flytti mál hans á tilsettum tíma.

Karadzic er ákærður í ellefu liðum, meðal annars fyrir þjóðarmorð, stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni sem honum er gefið að sök að hafa framið í Bosníustríðinu á tíunda áratug síðustu aldar. Karadzic á yfir höfði sér lífstíðarfangelsi verði hann fundinn sekur. Hann neitar sök.

Lögfræðiráðgjafi Karadzic varði það í gær að hann hætti sér ekki strax í réttarsalinn. Málið væri risavaxið, málsskjölin væru um 1,2 milljónir blaðsíðna, meintir glæpir hefðu átt sér stað á fjölmörgum stöðum og vitnin skiptu hundruðum. Það væri því skiljanlegt að ólöglærðum manni eins og Karadzic yxi undirbúningurinn í augum.

Samkvæmt dagskránni á Karadzic ekki að flytja greinargerð sína fyrr en í næstu viku, eftir að sækjendur hafa fengið tvo heila daga til að flytja sitt mál.

Karadzic var upphaflega ákærður árið 1995 fyrir glæpi sína í Bosníustríðinu, sem leiddi til dauða yfir 100 þúsunda. Síðan hefur hann verið í felum, allt þar til hann fannst dulbúinn í Belgrad í fyrra. Þar hafði hann stundað sálfræði og óhefðbundnar lækningar.

Sækjendur hafa ákveðið að skera ákæruatriðin við nögl til að réttarhöldin taki minni tíma. Þeir eru minnugir þess að réttarhöldin yfir Slobodan Milosevic, fyrrverandi forseta Júgóslavíu, höfðu tekið fjögur ár og lauk án dóms þegar Milosevic lést í varðhaldi.

Þegar Karadzic var handsamaður í júlí í fyrra gerðu sumir embættismenn því skóna að Ratko Mladic, fyrrverandi yfirmaður hers Bosníuserba, sem einnig hefur farið huldu höfði síðan stríðinu lauk, yrði næstur í röðinni. Hann er hins vegar enn ófundinn.

stigur@frettabladid.is



**RADOVAN KARADZIC** Sækjendur vilja forðast það að réttarhöldin taki of langan tíma, minnugir þess að Slobodan Milosevic lést í varðhaldi áður en dómur féll í máli hans. NORDICPHOTOS/AFP

## ÁKÆRÐUR FYRIR FJÖLDA ÓDÆÐISVERKA

- Ellefu ákæruliðir sem snúa að þjóðarmorðum, stríðsglæpum, glæpum gegn mannkyni og öðrum ódæðisverkum.
- Ákæra fyrir að hafa fyrirskipað stórskotaárás á Sarajevó þegar setið var um borgina, með þeim afleiðingum að tólf þúsund létust.
- Ákæra fyrir að skipuleggja fjöldamorð á allt að átta þúsund Bosníumúslimum, körlum og ungmennum, í Srebrenica.
- Ákæra fyrir skipulögð morð á stjórnmálaleiðtogum og fræðimönnum Bosníumúslima og Bosníukróata.
- Ákæra fyrir að flytja fólk nauðugt milli landshluta vegna þjóðernis eða trúar.
- Ákæra fyrir eyðileggingu á heimilum, fyrirtækjum og helgum stöðum.








# Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Landsbankinn mun í vetur bjóða upp á röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin svo því sé unnt að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins og móta fjárhagslega framtíð fjölskyldunnar.

| | | |
|---|---|---|
| 29. október | Mjódd | Fjármál heimilisins |
| 5. nóvember | Ísafjörður | Fjármál heimilisins |
| 12. nóvember | Akranes | Fjármál heimilisins |
| 19. nóvember | Hamraborg | Fjármál heimilisins |

**Skráning fer fram á landsbankinn.is og í síma 410 4000.**

**Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á landsbankinn.is.**

**FJÁRMÁLARÁÐGJÖF** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

ENNEMM / SÍA / NM39420

# ÞVOTTA DAGAR



# TILBOÐSVERÐ

## 15% afsláttur

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

*af öllum einstökum þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum*

LAVAMAT 62840 LAVATHERM T55460




**AEG þvottavél**
1200 snúninga · 6 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi
ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
Íslenskar leiðbeiningar

**AEG þurrkari**
Barkalaus · Tekur 6 kg.
Fjöldi kerfa · Mjög hljóðlátur
Íslenskar leiðbeiningar

Listaverð: 244.800,- parið
**TILBOÐSVERÐ:**
**Kr. 195.900,- PARIÐ**

**HÉR SPARAR ÞÚ KR. 48.900,-**

LAVAMAT 64851 LAVATHERM 56740




**AEG þvottavél**
1400 snúninga · 7 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi
ásamt sérstöku sparnaðarkerfi.
**ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ**

**AEG þurrkari**
Barkalaus · Tekur 7 kg.
Fjöldi kerfa · Mjög hljóðlátur
**ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ**

Listaverð: 308.800,- parið
**TILBOÐSVERÐ:**
**Kr. 246.900,- PARIÐ**

**HÉR SPARAR ÞÚ KR. 61.900,-**

LAVAMAT 62840




**AEG þvottavél**
1200 snúninga · 6 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi
ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
Íslenskar leiðbeiningar

**TILBOÐSVERÐ:**
**Kr. 105.900,-**




FAVORIT 40370U-W

**AEG uppþvottavél**
Hljóðlát vél aðeins 49db · TURBO-þurrkun, þurrkar með heitum blæstri · Taumagn: 12 manna stell · 5 Þvottakerfi · Orkunýtni: A · Þvottahæfni: A · Þurrkhæfni: A · Íslenskar leiðbeiningar

**TILBOÐSVERÐ:**
**Kr. 113.900,-**

EH–DI 8525




**Elektro Helios uppþvottavél**
Fyrir 12 manna stell
Hljóðlát vél 49db
TURBO-þurrkun
Þurrkar með heitum blæstri
Orkunýtni: A ·
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni: A
Íslenskar leiðbeiningar

**TILBOÐSVERÐ:**
**Kr. 99.900,-**

*Gerðu hreinlega góð kaup!*

# ORMSSON

ORMSSON **LÁGMÚLA 9** SÍMI 530 2800
ORMSSON **SMÁRALIND** SÍMI 530 2900
ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535
ORMSSON **MODEL-AKRANESI** SÍMI 431 3333
ORMSSON **ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751
ORMSSON **AKUREYRI** SÍMI 461 5000
ORMSSON **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515
ORMSSON **VÍK-EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038
ORMSSON **PAN-NESKAUPSTAÐ** SÍMI 477 1900
ORMSSON **ÁRVIRKINN-SELFOSSI** SÍMI 480 1160

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



**BRUNNINN TURN** Háhýsi þetta í Peking hýsir að hluta hótel og svo höfuðstöðvar Kínverska sjónvarpsins (CCTV). Byggingin skemmdist mikið eftir að kviknaði í vegna flugelda þegar kínverska nýárinu var fagnað fyrr á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heilbrigðisyfirvöld semja við Sahlgrenska-háskólasjúkrahúsið í Svíþjóð:

# Líffæraígræðslur til Gautaborgar

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisyfirvöld hafa undirritað samning um ígræðslu líffæra við Sahlgrenska-háskólasjúkrahúsið í Gautaborg. Þetta þýðir að líffæraígræðslur Íslendinga flytjast frá Kaupmannahöfn til Gautaborgar um áramótin.

Samningurinn var gerður að ósk heilbrigðisráðuneytisins eftir að líffæraígræðslunefnd lagði til að gengið yrði til samninga við Sahlgrenska-háskólasjúkrahúsið um líffæratöku og ígræðslu líffæra fyrir íslenska sjúklinga.

Með samningnum er íslenskum sjúklingum tryggður lágmarksbiðtími eftir ígræðslu líffæra. Biðtími samkvæmt honum er mun styttri en var í fyrri samningi og kostnaður við nýjan samning, miðað við tilteknar forsendur um þörf fyrir líffæri, er rúmar sex hundruð milljónir króna á ári.

Gert er ráð fyrir að samningurinn við Sahlgrenska verði um átján prósentum ódýrari en samningurinn sem nú er í gildi. Hann er gerður að undangengnum viðræðum við helstu sjúkrahús á Norðurlöndunum. Samningurinn gildir til ársins 2010 og er til eins árs í senn. Hann framlengist sjálfkrafa um ár sé honum ekki sagt upp sex mánuðum áður en hann á að renna úr gildi. - jss



**UNDIRRITUN SAMNINGS** Steingrímur Ari Arason, Álfheiður Ingadóttir og Marika Qvist undirrita samning um ígræðslu líffæra. Að baki þeim standa fulltrúar Sjúkratrygginga, Landspítala, heilbrigðisráðuneytis og Sahlgrenska-háskólasjúkrahússins.

Aðgerðahópur í þágu barna:

## Tvisvar fundað síðan í júlí

**REYKJAVÍK Aðgerðahópur um velferð barna fundaði öðru sinni á fimmtudaginn, en hann var settur á laggirnar 2. júlí. Minnihlutinn, utan F-lista, hafði stungið upp á því í maí að hann yrði stofnaður.**

**Tilgangur hópsins er að fylgjast heildstætt með aðstæðum barna í efnahagsþrengingunum. Formaður hans er Jórunn Frímannsdóttir úr Sjálfstæðisflokki.**

**Borgarráð samþykkti nýlega að hópurinn fengi starfsmann í hlutastarfi sér til aðstoðar. VG og Samfylking létu þá bóka von sína um að hópurinn færi nú að vinna af fullum krafti.** - kóþ

Orkuöryggi á Vestfjörðum:

## Ráðgjafahópur skoðar tillögur

**STJÓRNMÁL** Iðnaðarráðherra hefur falið ráðgjafahópi að fjalla um leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum og meta til hvaða aðgerða grípa þurfi til að bæta samkeppnisstöðu svæðisins á sviði atvinnuuppbyggingar í orkufrekum iðnaði.



**GUÐNI A. JÓHANNESSON**

Við mat á raforkuöryggi skal hópurinn fara yfir fyrirliggjandi tillögur Landsnets.

Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri fer fyrir hópnum sem skila á greinargerð fyrir áramót. Í honum sitja líka Matthildur Helgadóttir, framkvæmdastjóri Snerpu á Ísafirði, og Þorgeir Pálsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. - bþs

Árborg ákveður viðbrögð:

## Áfallaviðbrögð tiltæk í handbók

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Bæjarstjórn Árborgar hefur samþykkt að taka í gagnið Handbók um viðbrögð við samfélagsáföllum. Í henni er fjallað um hvernig bregðast skuli við áföllum í sveitarfélaginu. Suðurlandsskjálftinn á síðasta ári, efnahagskreppan og svínaflensan eru meðal tilefna þess að handbókin var gerð.**

**Endurreisnarteymi sem skilgreint er í handbókinni og hóf störf í kjölfar Suðurlandsskjálftans gegnir nú lykilhlutverki í viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu.** - bþs

# Ríkið borgar auglýsingar á lambakjöti

**Kjötframleiðsla dróst saman um 3,5 prósent í september miðað við sama mánuð í fyrra. Svínakjötsframleiðsla dróst saman um 15,8 prósent. Svínaræktendur segja samkeppnina harða og gagnrýna ríkisstyrktar auglýsingar á lambakjöti.**

**LANDBÚNAÐUR** „Við eigum í harðri samkeppni við aðrar kjöttegundir og höfum því miður ekki sömu möguleika og sauðfjárbændur á að kynna okkar kjöt því ríkið stendur oft undir kostnaði á auglýsingum og kynningu á lambakjöti.“

Þetta segir Hörður Harðarson, formaður og framkvæmdastjóri Svínaræktarfélags Íslands, en svínakjötsframleiðsla dróst talsvert meira saman en framleiðsla annarra kjöttegunda í september síðastliðnum miðað við september í fyrra.

Svínakjötsframleiðslan dróst saman um 15,8 prósent en samdráttur í allri kjötframleiðslu nam 3,5 prósentum. Alifugla- og sauðfjárframleiðsla dróst lítillega saman en nautakjötsframleiðsla jókst. Þá var talsvert meira framleitt af hrossakjöti.

Hörður segir erfitt að keppa við auglýsingaherferðir sem kostaðar séu af ríkissjóði. Málið hafi margsinnis verið tekið upp við stjórnvöld, án þess að breytingar hafi orðið á. Landbúnaðarpólitík ráði för.

Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir að greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu nemi tæpum 4,2 milljörðum króna en þar af fara 347 milljónir til markaðsstarfs og birgðahalds. Fjárhæðirnar eru sýnu hærri en í fjárlögum ársins í ár. Útgjöld ríkisins til sauðfjárframleiðslu eru grundvölluð á samningum ríkisins og sauðfjárbænda. Ríkið gerir sambærilega samninga vegna mjólkurframleiðslu en hvorki vegna svínakjöts- né alifuglaræktunar.

Fleiri ástæður en auglýsingamál búa þó að baki minni sölu og framleiðslu á svínakjöti, að mati Harðar. Fólk hafi minna á milli handanna, sem skýri samdrátt í heildarkjötframleiðslu síðasta árið en í tilviki svínakjötsins komi líka annað til. „Fjöldi verkamanna er fluttur úr landi aftur til síns heima eftir að stóriðju- og virkjanaframkvæmdum lauk í bili. Uppistaðan í fæðuvali þeirra var svínakjöt,“ segir hann. Svínakjötsframleiðendur mættu aukinni eftirspurn með aukinni framleiðslu en nú hefur dæmið snúist við.

Að sögn Harðar hefur svínaflensan ekki haft áhrif á neyslu svínakjöts. Fólk virðist meðvitað um að ekki séu tengsl milli neyslu þess og flensunnar.

bjorn@frettabladid.is



**BÚSTÖRFIN** Kjötframleiðsla dróst saman um 3,5 prósent í september frá sama mánuði í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**VÍK Í MÝRDAL** Hafið rýfur stöðugt land í Vík.

Sveitarfélög á Suðurlandi:

## Styrkja verður sjóvarnir í Vík

**ÖRYGGISMÁL** „Nú er svo komið að mannvirki eru í beinni hættu á komandi vetri og því algjörlega nauðsynlegt að hefja framkvæmdir strax,“ segir í ályktun ársþings Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem krefst þess að sjóvörn við Vík verði sett í forgang.

Sveitarstjórnin í Mýrdalshreppi segir fjöruborðið við Vík komið langt inn fyrir viðmiðunarmörk Siglingastofnunar frá 1994. „Ef ekkert verður að gert sem allra fyrst munu mannvirki fyrir hundrað milljóna verða í stórhættu,“ segir sveitarstjórnin, sem hefur eftir samgönguráðherra að fjármagn til framkvæmdarinnar sé enn ekki tryggt. - gar

SKIPULAGSMÁL

### Aðalskipulag í Hvalfirði

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar auglýsir tillögu að aðalskipulagi sveitarinnar. Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta mega gera athugasemdir við tillöguna, en hana má nálgast á skrifstofu og heimasíðu sveitarfélagsins, einnig á skrifstofu Skipulagsstofnunar.






**TILLAGA AÐ ÓPERUHÚSI** Áformum endanlega sópað af borðinu.

Undirbúningi byggingar hætt:

## Óperuhús verður ekki reist í Kópavogi

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarráð Kópavogs hefur samþykkt tillögu fulltrúa Samfylkingarinnar um að leggja niður undirbúningsnefnd um byggingu óperuhúss í bænum.

„Forsenda þess að Kópavogsbær hugðist byggja óperuhús var sú að Íslenska óperan fékk ekki aðstöðu í nýju tónlistarhúsi í Reykjavík. Ljóst má vera miðað við þá stöðu sem upp er komin að Óperan getur nú allt í einu farið inn í nýtt Tónlistarhús án mikils tilkostnaðar. Því blasir við að það hljóta að hafa verið mistök að gera ekki ráð fyrir Óperunni þar frá upphafi,“ segir í bókun Ármanns Kr. Ólafssonar, bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. - gar

# Atlantsolíudagur

**-5**



Í dag veitir dælulykill Atlantsolíu **5 króna** afslátt fram til miðnættis. Lykillinn er ókeypis. **Aukaafsláttur dagsins bætist ekki ofan á önnur afsláttarkjör.**

**Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is**

**ATLANTSOLIA**

**Atlantsolía - Lónsbraut 2 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is**



**Í KAPPHLAUPI VIÐ TÍMANN** M.S. Gill, íþróttamálaráðherra Indlands (t.v.) skoðar framkvæmdir við Jawaharlal Nehru-leikvanginn í Nýju-Delí í gær. Þar verða Samveldisleikarnir 2010 haldnir. Undirbúningur er sagður á eftir áætlun og efasemdir um að takist að vinna upp tímatapið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Formaður Hreyfingarinnar tekur ekki við fimmtíu prósenta álagi ofan á launin:

# Afþakkar þrjár milljónir á ári

**STJÓRNMÁL** Margrét Tryggvadóttir, þingmaður og formaður Hreyfingarinnar, hefur afþakkað 260.000 króna álag ofan á þingfararkaup sitt. Þetta eru 3.120.000 krónur á ári.

Þetta álag, sem nemur fimmtíu prósentum af þingfararkaupi, er hluti af launakjörum þeirra þingmanna sem einnig eru formenn stjórnmálaflokka. Þingfararkaupið er 520.000 krónur. Margrét segir að ákvörðunin sé tekin í anda Hreyfingarinnar. „Við höfum flatan strúktúr og ætlum að hafa þetta embætti róterandi. Eins og ástandið er í þjóðfélaginu finnst okkur ekki rétt að þiggja þetta.“ Hún eigi ekki meiri rétt á fénu en samflokksmenn hennar. „Við erum ein liðsheild og höfnum leiðtogadýrkun. Þetta er þáttur í því.“ Margrét segist aðspurð ekki sjá eftir aurunum: „Ég skrimti alveg.“

Samkvæmt reglum um þingfararkostnað mega formenn flokka sem hafa þrjá þingmenn eða fleiri fá álagið greitt, að því gefnu að formennirnir séu ekki jafnframt ráðherrar. Því eiga tveir aðrir þingmenn rétt á álaginu, þeir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknar. Ekki náðist í þá í gær. - kóþ



**MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR** Formaður Hreyfingarinnar afþakkar rúmar þrjár milljónir af skattpeningum á ári.

Uppbygging á Vopnafirði:

# 200 tonn af tækjum flutt

**ATVINNUMÁL Nú er unnið að því að flytja tæki úr fiskimjölsverksmiðju HB Granda á Vopnafirði yfir í nýja verksmiðjubyggingu. Alls vegur búnaðurinn hátt í 200 tonn og þar munar mest um sjálfan þurrkarann sem einn og sér vegur 97 tonn.**

**Um fjörutíu manns vinna nú við að reisa verksmiðjubygginguna og koma tækjabúnaðinum fyrir. Tveir kranar, með sjötíu og 200 tonna lyftigetu, eru notaðir til að hífa einstök tæki inn á verksmiðjugólfið. Síðan tekur við vinna við að loka nýrri byggingu fyrir veturinn, eins og kemur fram á heimasíðu fyrirtækisins.** - shá

Raflína fyrir álver í Helguvík:

# Fer yfir vatnsverndarsvæði Reykjavíkur

**UMHVERFISMÁL** Suðvesturlínan frá Hellisheiði til Reykjaness, sem á að sjá álverinu í Helguvík fyrir rafmagni, kemur til með að liggja þvert yfir vatnsverndarsvæði Reykvíkinga.

Garðar Mýrdal, fulltrúi í stjórn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, segist í viðtali við Stöð 2 hafa áhyggjur af mengun sem geti borist í vatnsból borgarbúa, bæði vegna framkvæmdanna og hugsanlegrar tæringar af fjölda rafmagnsmastra sem þarf að byggja þar, en alls á að byggja 500 möstur á 200 kílómetra leið.

Þverpólitísk samstaða mun vera í stjórn Heilbrigðiseftirlitsins um að áformin þurfi að athuga. - kóþ

Mótmælendur boða komu til Kaupmannahafnar:

# Lögreglan þjálfuð fyrir götubardaga

**KAUPMANNAHÖFN** Þúsundir öfgasinnaðra mótmælenda boða að Kaupmannahöfn muni brenna þegar umhverfisráðstefna Sameinuðu þjóðanna verður haldin þar 11. til 18. desember.

Mótmælendur eru að safna liði á netsíðum. Mögulegt er talið að um tíu þúsund mótmælendur komi til borgarinnar meðan á ráðstefnunni stendur.

Ekki þarf að velkjast í vafa um boðskapinn. Á plakötum og vefsíðum eru myndir af grímuklæddu fólki með bensínbrúsa í fanginu. Einnig eru tölvugerðar myndir af turni ráðhússins í Kaupmannahöfn í ljósum logum og einnig af brennandi McDonald's-stað.

Danska lögreglan er þegar byrjuð að þjálfa sveitir sínar fyrir stórfellda götubardaga. Mogens Lauridsen lögregluforingi segir í samtali við danska blaðið BT að óljóst sé hversu margir mótmælendur komi til borgarinnar.

Hann vonar að þeir verði sem fæstir. Lauridsen bendir á að um tvö þúsund mótmælendur hafi mætt á fundi G8-ríkjanna í Þýskalandi árið 2007. Það hafi verið í júní, og Kaupmannahöfn í desember sé kannski ekki eins lokkandi.

Þess beri þó að gæta að þetta verði miklu stærri og umfangsmeiri ráðstefna. Um 6.500 lögreglubjónar verða á vaktinni í Kaupmannahöfn desemberdagana. - ót



**HLÉDÍS SVEINSDÓTTIR OG GUNNAR ÁRNASON** Hjónin sem eiga Miðskóga 8 hafa um árabil reynt að fá að byggja hús á sjávarlóðinni. Einn angi málsins teygir sig yfir á lóðina fyrir aftan þar sem fyrrverandi forseti bæjarstjórnar býr. Hjónin saka hann um nafnlausan óhróður á netinu og reka meiðyrðamál gegn honum fyrir dómstólum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


Tilboð gildir á öllum stöðvum Max1 í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri



Opið í dag kl. 8-17

Ný hraðþjónusta í Hafnarfirði Max1 Dalshrauni 5

Fáðu góðan

40% afslátt

á umfelgun og jafnvægisstillingu

Max1 hefur opnað nýja hraðþjónustu í Hafnarfirði

Max1 bílavaktin hefur opnað nýja hraðþjónustu í Hafnarfirði: Dalshrauni 5 (gamla Glerborgarhúsið). Komdu í kaffi og skoðaðu nýju Max1 hraðþjónustuna. Nýttu þér 40% opnunartilboð Max1.

Kauptu vetrardekkin hjá Max1 á góðu verði. Spyrðu okkur um hvað við getum gert meira fyrir þig.

Komdu á Max1 í dag!

Tilboð gildir á öllum stöðvum Max1 í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri.

Frábært tilboð á öllum Max1 í dag

Við höldum upp á opnun Max1 í Hafnarfirði. Tilboð vegna opnunar Max1 í Hafnarfirði gildir á öllum stöðvum Max1: Þú færð 40% afslátt af allri umfelgun og jafnvægisstillingu. Dæmi fyrir 12-16 tommu dekk á stálfelgum: Þú greiðir aðeins 3.990 kr. fyrir umfelgun og jafnvægisstillingu á fjórum fólksbíladekkjum. Tilboðið gildir út október. Þú velur hraðþjónustu Max1 og nýtir þér tilboð vegna opnunar Max1 í Hafnarfirði. Komdu í kaffi í dag.

Opið virka daga kl. 8-17, laugardaga kl. 9-13

Hafnarfjörður Dalshraun 5, sími 515 7190.
Reykjavík Bíldshöfði 5a, Bíldshöfði 8, Jafnasel 6, Knarrarvogur 2, sími 515 7190.
Akureyri Tryggvabraut 5, sími 462 2700.

Skoðaðu max1.is

MAX1 BÍLAVAKTIN

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is


# Mega byggja á umdeildri sjávarlóð

**Ekki voru málefnalegar ástæður til að synja um byggingarleyfi á Miðskógum 8 á Álftanesi, segir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, sem hefur fellt synjunina úr gildi og einnig deiliskipulag sem gerir ráð fyrir að lóðin hverfi.**

**DÓMSMÁL** Bæjarstjórn Álftaness hafði ekki málefnalegar ástæður til að synja eigendum sjávarlóðarinnar á Miðskógum 8 um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Eigendur Miðskóga 8 sóttu fyrst um byggingarleyfi í janúar 2006 og aftur í maí 2008 eftir að Hæstiréttur hafði sagt lóð þeirra vera byggingarlóð samkvæmt deiliskipulagi frá 1981. Bæjarstjórnin kvaðst telja að þetta skipulag væri ekki í gildi. Þessu hafnaði bæði Hæstiréttur og nú úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Í fyrri byggingarleyfisumsókninni var hins vegar gert ráð fyrir of mikilli þakhæð og var hún lækkuð í seinni umsókninni.

Úrskurðarnefndin hafnar þeim rökum bæjaryfirvalda að gólfhæð nýja hússins verði tuttugu sentimetrum of lágt yfir sjávarmáli. Nefndin segir ákvæði um 5,20 metra hæð yfir sjávarmáli aðeins eiga við í nýjum hverfum. Þá var heldur ekki fallist á að verndun strandsvæða, gerð göngustíga eða fráveita ætti að standa í vegi fyrir því að byggt yrði á lóðinni.

„Er fullljóst að engin friðlýsing er í gildi um lóðina og af meðalhófsreglu leiðir að sveitarfélaginu bar að leita leiða til að ná fram markmiðum um göngustíga og fráveitu með öðru og vægara móti en að meina kæranda að hagnýta sér lóð sína til byggingar. Væri það og andstætt jafnræðisreglu að synja einum lóðarhafa á deiliskipulögðu svæði um byggingarleyfi þar sem aðrir lóðarhafar hafa fengið byggingarleyfi í samræmi við gildandi skipulag án vandkvæða,“ segir úrskurðarnefndin og bætir við að synjunin hafi verið „ólögmæt og ekki reist á málefnalegum grundvelli“.

Úrskurðarnefndin fellir einnig úr gildi nýtt deiliskipulag frá í apríl á þessu ári þar sem umrædd byggingarlóð var felld út.

Hlédís Sveinsdóttir, einn eigenda Miðskóga 8, kveðst vonast til að fljótt og vel verði greitt úr málinu með núverandi meirihluta á Álftanesi.

„Auðvitað er draumurinn um að byggja framtíðarheimilið á lóðinni okkar á Álftanesi enn til staðar, þar liggja rætur mínar en föðurfólkið mitt bjó þar fram á seinni hluta 20. aldar og stofnaði meðal annars fyrsta barnaskóla landsins að Hausastöðum.“

Bæjarráðið hefur vísað byggingarleyfisumsókninni til nýrrar málsmeðferðar hjá skipulags- og byggingarnefnd sveitarfélagsins.

gar@frettabladid.is

# Bernskuminningar Flosa Ólafssonar




**Flosi hefði orðið áttræður í dag og er bókin gefin út í tilefni þess.**

**SKRUDDA**
Eyjarslóð 9 –101 Reykjavík
skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kynslóðaskipti í borginni:

## Kosningarnar handan við hornið

JÓN KALDAL SKRIFAR

Þótt það fari ekki enn mikið fyrir því, þá eru kosningar til sveitarstjórna rétt handan við hornið. Kjördagur er 29. maí 2010, eða eftir um sjö mánuði.

Aðeins örlar þó á því að flokkarnir séu byrjaðir að telja inn í baráttuna.

Gísli Marteinn Baldursson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, minnti til dæmis djarflega á sig í viðtali í Fréttablaðinu fyrir stuttu. Gísli ítrekaði þar þá afstöðu sína að Reykjavíkurflugvöllur ætti að fara úr Vatnsmýrinni svo höfuðborgin gæti frekar þést inn á við fremur en þanist út að flatarmáli. Félagi Gísla af hægri vængnum, stærðfræðingurinn Pawel Bartoszek, var á sömu slóðum í afbragðspistli í Fréttablaðinu á föstudag.

Það athyglisverða við afstöðu þeirra félaga er með henni birtist töluvert önnur sýn en Sjálfstæðisflokkurinn hefur helst haldið á lofti í skipulagi höfuðborgarinnar undanfarin ár.

Stutt er síðan „byggð í Geldinganesi“ var eitt helsta slagorð flokksins í kosningum og Geldinganesið átti líka vera lausn á miklum lóðaskorti í borginni.

Óþarfi er að fara mörgum orðum um að nýtt hverfi á þessum slóðum fellur ekki að hugmyndum um þéttingu byggðar í höfuðborginni.

Gísli Marteinn er að sjálfsögðu af allt annarri kynslóð en þeir stjórnmálamenn sem gerðu Geldinganesið að sínu hjartans máli. Þar á meðal voru þeir Björn Bjarnason og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, sem hafa kvatt sviðið eða eru á útleið.

Almennt virðist það vera einkennandi fyrir yngra fólkið í borgarmálunum að það vill frekar hugsa inn á við þegar kemur að borginni en til jaðranna. Skiptir vinstri eða hægri ekki máli í þeim efnum.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, fékk á sínum tíma Íslenska aðalverktaka til að bjóðast til að standa straum af kostnaði við að leggja Miklubraut í stokk frá Snorrabraut til Grensásvegar gegn því að fá að byggja á lóðunum sem þar með myndast ofanjarðar. Sú fína hugmynd hefur væntanlega lent uppi á hillu í tíðum meirihlutaskiptum í Ráðhúsinu en er að minnsta kosti til taks þegar rofa fer til í byggingargeiranum á nýjan leik.

Það kann að hljóma undarlega að velta fyrir sér skipulagsmálum á borð við byggð í Vatnsmýri og Miklubraut í stokk á þessum tímum þegar sveitarfélög, og þar með talin höfuðborgin, eiga fullt í fangi með að standa undir lágmarksskyldum sínum.

Vissulega eru ýmis önnur mál ákaflega aðkallandi þessa dagana. En við höfum ekki efni á að hætta að hugsa um framtíðina.

Borgarskipulag er ekki dægurþras sem hægt er að ýta til hliðar heldur gríðarlegt fjárhagslegt hagsmunamál, sem snýst meðal annars um að fækka bílum á götum borgarinnar. Sífelld þyngri umferð og auknar fjarlægðir innan borgarmarkanna kalla á meiri fjárútlát til viðhalds gatna og bygginga á rándýrum umferðarmannvirkjum á borð við mislæg gatnamót. Það er til mikils að vinna að snúa af þeirri leið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ginningarfíflin

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra hélt beljandi ræðu á ársfundi ASÍ á dögunum. Þar hvatti hann meðal annars verkalýðsforystuna til að „verða ekki ginningarfífl stóriðju og útgerðarauðvalds“. Já, vonandi verður enginn ginningarfífl eins né neins; Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ veit eflaust að það gæti orðið ávísun á að orðið Gylfaginning gengi í endurnýjun lífdaga í nýrri merkingu.



### Kjördæmavika

Á sama ársfundi kvartaði Gylfi yfir aðgerðaleysi stjórnvalda eftir hrun; ýmsir áfangar hefðu náðst fyrir tilstilli verkalýðshreyfingarinnar en pólitísk upplausn og úrræðaleysi setti strik í reikning endurreisnarinnar. Hér er býsna umbúðalaust að orði komist. Nýsett Alþingi virðist þó ekki hafa tekið sneiðina til sín heldur fór það í frí þessa viku.

### Pólitískir skyndibitar

Alþjóðasinnaðar hamborgaraætur missa spón úr aski sínum um mánaðamótin, en þá hættir McDonald's-keðjan starfsemi hér á landi. Bloggarar hafa verið uppteknir við að rifja það upp þegar Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, hesthúsaði fyrsta McDonald's-hamborgarann hér á landi. Þetta er þó ekki í eina skiptið sem mörk stjórnmála og skyndibita hafa skarast; skemmst er að minnast þess þegar Guðni Ágústsson hvatti æsku þessa lands til að borða sem mest af SS-pylsum til að verða stór og sterk. Þá rifjar Stefán Pálsson sagnfræðingur það upp að þegar Pizza 67 var í útrás lá forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, ekki á liði sínu heldur beit í pitsusneið á Strikinu meðan danskir fjölmiðlar fylgdust með.



bergsteinn@frettabladid.is

## Oflætistaktar



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Geðþóttaákvarðanir

Engin veröld fyrr en ég hana skóp!“ segir Baccalaureus við Mefistofeles í þýðingu Yngva Jóhannessonar á ljóðaleikriti Goethes, Fást. „Við höfum þegar sigrað hálfan heiminn, en hvað hafið þið gert, kynslóð ellidreyminn? Baccalaureus lýkur magnaðri og hátimbraðri lýsingu á yfirburðum æskunnar á orðunum: „Hver annar en ég rauf ykkar hugarfjötra og af ykkur risti smásálarskaparins tötra? Frelsið er mitt og andagift mín er það innra hugarljós sem fylgir mér. Ég sæki fram, minn fögnuður eigin styrkur, framundan heiðríkjan, að baki myrkur.“ Mefistofeles hlustar hrifinn á oflætið og skýtur inn í: „Hér hefur fjandinn engu við að bæta!“

Leikur snillinganna Gunnars Eyjólfssonar og Róberts Arnfinnssonar í uppfærslu Þjóðleikhússins á þessu verki árið 1970 er ógleymanlegur, en ég hef líka alltaf haldið dálítið upp á framangreint samtal í verki sem er samið í kringum aldamótin 1800, vegna þess að það minnir mann á, að hvað sem allri framþróun líður, þá breytist manneskjan ekki neitt. Og það er bara skemmtilegt, þegar æskan á í hlut. Hitt er lakara þegar oflætið og samanburðurinn eldist ekki af okkur. Á það erum við minnt daglega í fjölmiðlum og úr ræðustólum á opinberum vettvangi, ekki síst þegar menn gleyma grímunni heima.

### Miðstýring

Í umræðum um aðild Íslands að Evrópusambandinu hafa margir velt fyrir sér hugsanlegri miðstýringu þessa ríkjasambands og hvernig slíkt rími við upplag okkar og hagsmuni. Hvernig það færi í okkur ef umhverfi og aðstæður væru ákveðnar með hagsmuni heildarinnar á skrifstofu í Evrópu og við hefðum ekkert um það að segja. Nú er ég ekki að halda því fram að sú yrði raunin, en vefjist fyrir einhverjum að setja sig inn í slíkar aðstæður, þá er ástæðulaust að leita langt yfir skammt. Það yrði ekkert öðruvísi en það er í dag fyrir landsbyggðarfólk á Íslandi,

*Hitt er lakara þegar oflætið og samanburðurinn eldist ekki af okkur. Á það erum við minnt daglega í fjölmiðlum og úr ræðustólum á opinberum vettvangi, ekki síst þegar menn gleyma grímunni heima.*

sem þarf að sætta sig við geðþóttaákvarðanir frá embættismönnum í Reykjavík og sperrileggjum af báðum kynjum.

Fámenn byggðarlög leggja að vonum upp úr öruggri grunnþjónustu og atvinnu á staðnum. Eitt er að ríkið hafi umsjón og yfirsýn yfir heilbrigðisþjónustu, löggæslu, vegagerð og fleira. Hitt er að taka tillit til aðstæðna á hverjum stað í samráði við íbúa þegar kemur að hagræðingu eða niðurskurði. Það sem er ásættanlegt á einum stað getur verið gjörsamlega óásættanlegt á öðrum, en er samt keyrt í gegn. Sjálfri finnst mér til dæmis óafsakanlegt ef St. Jósefsspítalinn í Hafnarfirði er settur í nýtt hlutverk. Hann stendur sig framúrskarandi vel í því sem hann sinnir í dag, og er þess utan stór hluti af hafnfirskri menningu í víðasta skilningi.

Og úr því ég er orðin persónuleg, þá finnst mér að flugvöllurinn eigi að vera áfram í Vatnsmýrinni. Verði gerð atlaga að þeirri tilhögun eiga allir landsmenn að fá að kjósa um það, þar sem Reykjavík er höfuðborg landsins. Ég skil vel að margir vilji skipuleggja þarna svæði sem myndi stækka og fegra miðborgina, en eins og stendur er flugið mikilvægara að mínu mati. En kannski þarf fólk að hafa búið úti á landi til að skilja það viðhorf.

### Þetta gengur yfir

Það væri gaman að vita hvernig stemningin væri á höfuðborgarsvæðinu, ef undirbúningur að framkvæmdum sem myndu gjörbreyta atvinnuhorfum þar til framtíðar væri á lokastigi, þegar skipt væri um stjórn í þorpi vestur á landi sem hefði framvindu málsins í hendi sér. Og af því að nýi stjórnandinn væri persónulega ekki spenntur fyrir slíkum framkvæmdum, þá legði hann alla þá steina í götu verkefnisins, sem hann næði til.

Hvað myndu Reykvíkingar gera? Kannski myndu þeir mæta á Austurvöll með potta, pönnur og sleifar og hafa hátt. Svo gætu þeir kveikt elda og slett rauðri málningu á hús þeirra sem eru skyldir þessari persónu á landsbyggðinni. En sá sem réði fyrir vestan léti sig það engu skipta. Hvað varðaði hann um einhverja óánægju fyrir sunnan? Þetta gengi yfir. Svo væri alltaf hægt að bera fyrir sig nauðsynlega hagræðingu. Ef hann á annað borð nennti að svara þessu.

## Norrænt velferðarkerfi á Íslandi IV

**UMRÆÐAN**

Guðmundur Magnússon skrifar um velferðarmál



GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Ný hugsun, nýjar leiðir og önnur nálgun eru þau úrræði sem við höfum þegar kreppir að. Lykilhugtak á þessum tímum er SAMRÁÐ. Orð sem var gengisfellt í þensluástandinu, vegna ólöglegs samráðs.

Flókið almannatryggingakerfi sem byggst hefur upp á áratugum var einfalt í upphafi. Grunnlífeyrir og tekjutrygging ofan á hann. Smám saman bættust við bótaflokkar, eins og heimilisuppbót og síðan sértæk úrræði, s.s. uppbót vegna mikils lyfjakostnaðar, að ógleymdri aldurstengdu örorkuuppbótinni.

Sífelldar tilraunir til að lagfæra kerfið, sníða af vankanta eða koma til móts við ólíkar þarfir með flóknum reglum hafa flækt kerfið og gert það ógegnsærra.

Við einföldun kerfisins er mikilvægt að hafa í huga hverjum það á að þjóna. Öryrkjar eru fjölbreytilegur hópur og sníða verður stuðninginn að þörfum hvers og eins.

Kjörið er að fara í nýjungar á þessum tímum. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er dæmi um verkefni sem hentar vel í kreppu. Í atvinnuleysi er NPA ótrúlega góð lausn. Störf aðstoðarmanna henta bæði körlum og konum, á öllum aldri, eru ekki bundin við ákveðinn landshluta og krefjast engra sérstakra mannvirkja.

NPA er úrræði fyrir stóran hóp fatlaðra, sem í dag eru dæmdir til að vera heima, þar sem þjónustan er, en ekki þátttakendur í samfélaginu. Einstaklingurinn ræður sitt eigið starfsfólk og þjálfar til að aðstoða sig. Ræður sjálfur hvar, hvenær og hvernig aðstoðin er veitt.

Til að NPA geti orðið að veruleika hér á landi og allir sitji við sama borð þarf að búa til skýran lagaramma. Sænsk lög sem sett voru 1993 í bankakreppu eru þau lög sem hinar Norðurlandaþjóðirnar horfa mest til og vilja laga að sínu lagaumhverfi.

Við ofangreind atriði er geysilega mikilvægt að hafa samráð við notendurna og því rétt að hafa í huga kjörorð ÖBÍ: Ekkert um okkur án okkar.

*Höfundur er formaður Öryrkjabandalags Íslands.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**BÓLUSETNING GEGN INFLÚENSU** sem nú er auglýst í ýmsum fyrirtækjum og lyfjabúðum er gegn árlegri inflúensu en ekki gegn svínainflúensu. Frá og með 2. nóvember hefst almenn bólusetning gegn svínainflúensu hjá þunguðum konum og fólki með undirliggjandi sjúkdóma en tímapantanir eru þegar hafnar. www.landlaeknir.is


















Sigríður segir leikreglur svipaðar og í blaki nema að notaðir séu tveir hringir í stað eins bolta og gefið upp á báðum vallarhelmingum í einu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Bráðskemmtilegur leikur

**Sigríður Bjarnadóttir stundar íþróttina ringó sér til dægrastyttingar og heilsueflingar. Ekki er langt síðan þessi íþrótt ruddi sér til rúms hérlendis en hún hefur um nokkurt skeið notið vinsælda víða um heim.**

„Þetta er spennandi og bráðskemmtilegur leikur, sem eykur úthald. Við erum brosandi út að eyrum allan tímann," segir Sigríður Bjarnadóttur, formaður Íþróttafélagsins Glóðar í Kópavogi, um reynslu sína af kastíþróttinni ringó.

Sigríður hefur stundað íþróttina í fjögur ár og lýsir henni á eftirfarandi hátt: „Reglurnar eru svipaðar og í strandblaki nema að við notum gúmmíhringi í stað bolta. Í blaki er einn bolti en við notum hins vegar tvo hringi í ringó. Svo er gefið upp á báðum vallarhelmingum. Þegar báðir hringir liggja niðri er gefið upp aftur."

Að sögn Sigríðar á þessi íþrótt rætur að rekja til Austur-Evrópu og þá annaðhvort til Tékklands eða Póllands. „Íþróttin hefur til lengri tíma verið iðkuð víða um heim en stutt er síðan Íslendingar fóru að stunda hana. Tildrög þess voru að við fórum þrjár úr félaginu, ég, Svana Þórsdóttir, þáverandi formaður, og Margrét Bjarnadóttir aðalþjálfari, til Danmerkur árið 2005. Þar komumst við í tæri við ringó og út frá því kviknaði sú hugmynd að stofna sérstakt félag á Íslandi."

Stuttu eftir heimkomuna var farið í að kynna fyrirbrigðið fyrir landsmönnum. „Við fórum vítt og breitt um landið og var hvarvetna vel tekið," rifjar Sigríður upp og bætir við að uppátækið hafi borið tilætlaðan árangur, þar sem fólk á landsbyggðinni hafi tekið íþróttinni vel. „Í kjölfarið hafa svo verið haldin landsmót þar sem þrjú lið hafa keppt, tvö lið frá okkur hjá Glóð og svo eitt frá Héraðssambandinu Skarphéðni, í kringum Selfoss."

Sigríður segir að á döfinni sé nú að kynna þessa áhugaverðu íþrótt enn frekar fyrir landsmönnum. „Við ætlum að fara í skólana; viljum að ungt fólk fái tækifæri til að upplifa þennan kastleik, hreyfa sig og öðlast betra líf, enda er hér á ferð spennandi leikur fyrir alla aldurshópa."

Að sögn Sigríðar eru ringóæfingar haldnar reglulega í hverri viku: í Smáranum á mánudögum klukkan 11.30 og síðan í Kópavogsskóla á þriðjudögum klukkan 15.30.

*roald@frettabladid.is*




# HEILSA



**LÆKNAVAKTIN** hefur fjölgað hjúkrunarfræðingum sem svara í síma á kvöldin og um helgar vegna aukins álags sem rekja má til inflúensufaraldursins. Í stað eins hjúkrunarfræðings svara nú fjórir samtímis í síma 1770 og veita upplýsingar og ráðgjöf.



teg. 1101 - flottur og haldgóður í CDE skálum á kr. **3.950**,- buxur í stíl á kr. **1.950**,-



korsilett í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. **3.500**,-

MISTY

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - **www.misty.is**
opið mán-fös 10-18, lau 10-14








512 50 50 Auglýsingasími
Mest lesið



STAFGANGA Í LAUGARDAL

Stafgöngunámskeið hefjast 3. nóvember n.k.

**BYRJENDANÁMSKEIÐ:** Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
**FRAMHALDSHÓPUR:** Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.

STAFGANGA
ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL LÍKAMSRÆKTAR

SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is

**GUÐNÝ ARADÓTTIR**, stafgönguþjálfi, **sími:** 616 85 95.
**JÓNA H. BJARNADÓTTIR**, stafgönguþjálfi, **sími:** 694 35 71.



Myndakökur og marsipanmyndir
fyrir öll tækifæri



Kaka.is
S. 578 5588 og 661 5588




Vilhjálmur Ari Arason læknir segir sýklalyfjanoktun hér allt að fjörutíu prósentum meiri en annar staðar á Norðurlöndum. Notkun þeirra hefur aukist um allt að þrjátíu prósent þrátt fyrir ítrekuð varnaðarorð. Fórnarkostnaður verður mikill verði ekkert að gert. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Notkun sýklalyfja virðist auka líkur á sýkingum

**Um það bil helmingur sýkla sem valda sýkingum í eyrum, lungum og hálsi er ónæmur fyrir sýklalyfjum. Íslendingar standa mjög illa hvað þetta varðar en þrátt fyrir ítrekuð varnaðarorð eykst notkun sýklalyfja.**

„Vísbendingar eru um að notkun sýklalyfja auki líkur á frekari sýkingum," segir Vilhjálmur Ari Arason læknir. Á föstudaginn gaf Landlæknir út nýjar leiðbeiningar um meðferð við bráðri eyrnabólgu. Ein ástæðan fyrir því er ör fjölgun lyfjaónæmra baktería í heiminum en þar standa Íslendingar mjög illa að vígi. Sýklalyfjanotkun hér er allt að fjörutíu prósentum meiri en annar staðar á Norðurlöndum og notkun slíkra lyfja eykst þrátt fyrir ítrekuð varnaðarorð.

Rannsóknir Vilhjálms sýna að eftir hvern sýklalyfjakúr fimmfaldast áhættan á því að börn smitist af sýklalyfjaónæmum bakteríum. Ástandið er misslæmt eftir landshlutum. Vilhjálmur hefur borið saman sýklalyfjanotkun í fjórum landshlutum og kom þar meðal annars í ljós að á Egilsstöðum hefði snardregið úr notkun þeirra. Þar þurftu sautján prósent barna að fá rör í eyrun. Í Vestmannaeyjum var sýklalyfjum hins vegar mikið ávísað á börn og lætur nærri að þar þurfi annað hvert barn að fá rör, eða 44 prósent þeirra.

Nýjustu upplýsingar frá Sýklafræðideild Landspítalans sýna að næstum helmingur algengustu þeirra sýkla sem valda flestum hálsbólgum, eyrnabólgum og lungnabólgum er orðinn ónæmur fyrir pensilínlyfjum eða helstu varalyfjum. „Þetta er samt bara toppurinn af því sem koma skal. Við erum hreinlega að missa af því að geta meðhöndlað sýkingar á áhrifaríkan hátt með lyfjagjöf. Við erum búin að vita af þessu lengi en samt erum við að koma að þessum óvissutímum og stöndum miklu verr en nágrannaþjóðir okkar," segir Vilhjálmur. Þrátt fyrir ítrekuð varnaðarorð um nauðsyn þess að draga úr ávísunum á sýklalyf benda rannsóknir Vilhjálms á sölutölum á lyfjum á tímabilunum 1997-8 og svo 2007-8 til þess að notkun þeirra hafi aukist enn frekar, um 25 til þrjátíu prósent.

Kostnaður vegna kaupa á sýklalyfjum er þungur fyrir heilbrigðiskerfið og skipar fimmta sæti í heildarkostnaði vegna kaupa á lyfjum. Stærstum hluta lyfjanna er svo ávísað til barna. Segir Vilhjálmur langtímaafleiðingar ofnotkunarinnar sérlega alvarlega vegna sýklalyfjaónæmisins. Að auki sé fjórðungur allra heimsókna til heilsugæslunnar vegna svokallaðra loftvegssýkinga og þar af séu eyrnabólgur langalgengasta sýkingin.

Nánar má lesa um málið í nýju blaði Læknafélags Reykjavíkur sem kom út fyrr í mánuðinum í tilefni 100 ára afmælis félagsins og á vef Landlæknis. *karen@frettabladid.is*


NJÓTUM LANDSINS GÆÐA




Íslensk hollusta framleiðir hágæða hollustuvörur úr gnægtarbrunni íslenskrar náttúru. Hollustuvörurnar fást í heilsubúðum.

íslensk hollusta
–frá náttúrunnar hendi!

www.islenskhollusta.is





Viltu breyta mataræðinu til batnaðar, en veist ekki hvar þú átt að byrja?

**INGA KRISTJÁNSDÓTTIR**, næringarþerapisti D.E.T. leiðir ykkur í allan sannleikann um hversu auðvelt það er í raun að breyta mataræðinu til batnaðar!

þriðjudagurinn........03. nóvember
þriðjudagurinn........10. nóvember
þriðjudagurinn........17. nóvember

Innifalin er mappa með uppskriftum og fróðleik

Farið verður með einföldum hætti yfir:
- Hvernig við getum náð stjórn á blóðsykrinum!
- Hvernig verðum við okkur úti um þau næringarefni sem líkaminn þarfnast!
- Hvernig við getum auðveldlega öðlast meiri orku, vellíðan og heilbrigði!

Staðsetning: Heilsuhúsið Lágmúla kl. 19:30 - 22:00
Upplýsingar og skráning í síma 899 5020 eða á eig@heima.is
Námskeiðsgjald kr. 3.900,-

30 ára heilsuhúsið

Ný námskeið í nóvember - Nánar á www.heilsuhusid.is



„Ég finn lífskraftinn aukast," segir Marta og svífur í dansinn.

# Dansinn tekur yfir

**Orkudansnámskeið verður í Púlsinum í Sandgerði um næstu helgi.**

„Þetta námskeið er haldið í vaxandi tungli og það hjálpar okkur við umbreytingu og endurnýjun," segir Marta Eiríksdóttir í Púlsinum um dansnámskeiðið sem fram undan er. „Við byrjum á föstudagskvöld með léttu dansiballi," lýsir hún. „Daginn eftir vinnum við áfram með ástríðuna og kraftinn. Dansinn opnar svo margt, bæði innra með okkur og í lífinu sjálfu."

Marta hefur stundað orkudans frá 1989 og leitt marga inn í töfra hans á liðnum árum. Í fyrrasumar kveðst hún hafa lært nýja dansmeðferð, „Shake Your Soul", sem hún lýsir á þennan ljóðræna hátt: „Ég heyri taktfasta tónlist... tromman kitlar fæturna...ég finn ég verð að dansa...ég anda djúpt, tengist inn á við...treysti fótunum og hlusta á líkamann...hreyfi mig og finn hvernig ég byrja að losna frá öllu sem heftir mig og bindur...allt hið neikvæða bráðnar burt....dansinn tekur yfir...ég finn lífskraftinn aukast....minn innsti sannleikur kemur í ljós...einlægni og fegurð."

Marta tekur fram að orkudansnámskeiðið sé styrkhæft af stéttarfélögum. *- gun*

# Einkennin þau sömu

**Konur fá verk í hjarta og önnur einkenni hjartaáfalls líkt og karlar, samkvæmt nýrri rannsókn.**

Konur upplifa sömu einkenni og karlar ef hjartaáfall er yfirvofandi, að því er fram kemur í nýrri kanadískri rannsókn. Því hefur áður verið haldið fram að einkenni kvenna séu frábrugðin einkennum karla.

Árið 2003 gaf rannsókn á vegum bandarísku heilbrigðismálastofnunarinnar það til kynna að margar konur fyndu aldrei fyrir verk fyrir hjartaáfall og að einkenni þeirra væru ekki eins fyrirsjáanleg og karla.

Marta Mackay, sem leiddi kanadísku rannsóknina og kynnti niðurstöður hennar á nýlegu hjarta- og æðasjúkdómaþingi í Kanada, segir það einfaldlega ekki rétt. „Okkar rannsókn leiddi í ljós að konur fá öll sömu einkenni og karlar, sem eru meðal annars hjartverkur og ógleði." *- ve*



Konur þurfa að vera jafn vakandi fyrir einkennum hjartaáfalls og karlar.
NORDICPHOTOS/GETTY



# Yngri konur lykillinn

SÉRFRÆÐINGAR TELJA AÐ LEYNDARMÁLIÐ AÐ BAKI HAMINGJU KARLA FELIST Í AÐ GIFTAST KONUM SEM SÉU YNGRI OG BETUR MENNTAÐAR EN ÞEIR.

Leyndarmálið að hamingjusömu hjónabandi fyrir karlmenn er að kvænast konum sem eru bæði betur menntaðar en þeir og í minnsta lagi fimm árum yngri, segja sérfræðingar við Háskólann í Bath á Englandi. Frá þessu er greint hjá BBC.

Könnun háskólans, sem nýlega var birt í European Journal of Operational Research, tók til rúmlega 1.500 hjóna og var fimm ár í framkvæmd. Í niðurstöðunum kemur fram að slík hjónabönd eru líklegri til að endast en önnur. Það á sérstaklega við ef um fyrsta hjónaband beggja er að ræða.

Beyoncé Knowles er bæði betur menntuð og tölvert yngri en eiginmaður hennar, rapparinn Jay-Z.


Matargerð með ástúð og virðingu
Krúska er matstofa og verslun.
Í Krúsku er lögð áhersla á holla og vandaða matargerð. Úrval af ferskum, framandi réttum og lífrænum vörum.
Verið velkomin!

KRÚSKA
VIÐ ELDUM FYRIR ÞIG
KRÚSKA • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík • Sími: 557-5880 • www.kruska.is

Frábærar og enn betri fréttir
til þeirra þúsunda Íslendinga sem nota Pro-Gastro8
50% meira af góðgerlum í hylkjunum sem þýðir að sumir þurfa bara að taka inn 1 hylki á dag.
Pro-Gastro8 góðgerlanir vinna gegn erfiði meltingu.


Pro-gastro8 fæst í APÓTEKUM, HEILSUBÚÐUM OG HEILSUHILLUM STÓRMARKAÐANNA!

Þráinn SKÓARI
STOFNAÐ 1984
Í tilefni af
25 ára afmæli
okkar bjóðum við allar vörur og þjónustu með 25% afslætti í viku.
Skóbúð/skóvinnustofa, Grettisgata 3, 101 Reykjavík

Næsta námskeið verður 4. nóvember
TÍMALAUS FEGURÐ
HEILSA • ÚTLIT • VELLÍÐAN

Komdu á notalega kvöldstund með Sirrý og Dr.Hauschka sérfræðingum og fáðu leiðsögn í því hvernig þú getur viðhaldið æskublómanum og útgeisluninni.
**Komdu, smakkaðu, prófaðu og láttu dekra við þig.**
Leiðbeinandi: **Sigríður Arnardóttir**
Verð: **1.500 kr.**
Námskeiðið verður haldið **miðvikudaginn 4. nóvember** kl. 20-22 í Yggdrasil, Skólavörðustíg 16, 101 R. Upplýsingar og skráning eru á netfanginu yggdrasill@yggdrasill.is eða í síma 562 4082.

Dr.Hauschka Skin Care
Dr.Hauschka vörur eru unnar úr virkum lífrænum náttúrulækningajurtum.

Ertu með eitthvað gott á prjónunum?
Sjálfboðaliðar í Kópavogsdeild Rauða krossins prjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast Föt sem framlag, mun hittast næst og prjóna í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, miðvikudaginn **28. október** kl. 15-18.
Á staðnum verða prjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið prjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafið samband. Kaffi á könnunni og með því.
Allar nánari upplýsingar í síma 554 6626.
Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild
Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl.10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

# ;ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI




Toyota Avensis Sol árg. 8/2005. Verð 1.960.000kr. Aukadekk, ný fylgja. Bílamarkaðurinn, Smiðjuvegi 46, 200 Kópavogi. s. 567-1800 www.bbv.is Raðnúmer # 211931



Ertu að leita að bíl, þarftu að selja bíl? Bílamarkaðurinn, Smiðjuvegi 46, 200 Kópavogi sími 567-1800 www.bbv.is opið 10:00-18:30 laugardaga 11:00-16:00

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

**HÖFÐAHÖLLIN**
NORÐURHELLA 8 - 221 HAFNARFJÖRÐUR
*fluttir í fjörðinn!*



MMC LANCER GLXI/SEDAN Árgerð 1998. Ekinn 144 þ.km Verð kr. 490.000.

**Höfðahöllin**
**Norðurhella 8, 221 Hafnafjörður**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Mercedes Benz árg. '96 sk. 2010, disel. S. 693 9167.




**Viltu skipta, kaupa eða selja ?**
Netbilar.is bjóða þér uppá eitt mesta úrval landins og stórlækkaðan sölukostnað. Kynntur þér málið Netbilar.is Hlíðasmára 2 s: 588-5300




Toyota, Dodge, Ford með stórútsölur í USA. Útvegum nýja og nýlega bíla frá öllum helstu framleiðendum á lægra verði. Eigum heima Toyota Highlander Hybrid jeppa og Tacoma pallbíll sýningabíla á frábæru verði. islandus.com - Sími 552 2000.



Ódýr góður sk. '10!! Renault Megané '98 5g. ek. 125þ. Ný tímareim og kúpling. Toppeintak. V. 250þ. ATH skoða skipti á ód. má þarfnast lagfæringar. S. 821 9887 & 845 4072.



**ÚTSALA 590Þ. STGR.**
Opel Astra árg. '03 ek. 77þ. 5g., eyðir ca. 7l/100. Sumar og vetrad. á felgum. Ásett verð 850þ. en þessi fæst á 590þ. stgr. Uppl. í s. 898 8835.



7 manna. Til sölu Opel Sintra árg. '99 2.2 E. (fjölnota bíll). Ný upptekið hedd og tímareim. Bíll í góðu lagi. V. 390þús. S. 898 8835.



Nissan Terrano II árg. 99, bensin ek. 176þ.km, 7 manna sk. 2010. Ásett v. 750þ. en fæst á 495þ. stgr. S. 893 5201.



Mistubishi Montero (Pajero) 2007, 3.8 l, sjálfsk., ek 29 þús., leður. Loftkæling, sóllúga, 18" felgur. Einn með öllu. Uppl. 825 2424.

## 0-250 þús.



Til sölu VW Polo 1,4 beinsk. árg. '97, ek. 174þ, vetrardekk, einn eigandi, topp bíll. Verð 275þ. s. 868 2352

Til sölu SUZUKI VITARA JLX 1998, sjálfskiptur, ekinn 192.000 km., skoðaður 2010, ný hjólastilltur, ný dekk, nýjar bremsur, nýleg tímareim. Ásettg verð 380.000. Uppl. í síma 862-0722

## 250-499 þús.



Volvo 850 árg. 1995 til sölu. Sjálfskiptur, einn eigandi, reyklaus, ek. 270þús. Næsta skoðun 2010, verð 350þús. Upplýsingar í síma 864-3477.



**Ný skoðaður Stadion**
Renault Megane stadion, árg. 2000, ekinn aðeins 135þús., sk 10, bsk, góður bíll, tilboðsverð aðeins 350 þús., allar uppl. í s: 659-9696.



**!! Tilboðsverð !!**
Skoda Fabia 1,4 árg. '00 ekinn 150þús. ný skoðaður, bsk. dökkar rúður, spoiler, fallegur bíll. Tilboðsverð 390 þús. Uppl. í síma 659-9696.



**!! Ódýr og góður !!**
Opel Astra 1,6 árg. 2000, ek. 176 þús. skoðaður fyrir 2010, 5 dyra, bsk. spoiler, álfelgur, finn bíll. Tilboðsverð aðeins 390þús., allar uppl. í síma 659-9696.



**TILBOÐ 360 ÞÚS!**
Musso '98 4X4 ek.165 þús. 2,3 bensin, sjálfskiptur, skoðaður 2010, dráttarkrókur,ný heddpakkning hedd planað og ventla slípaðir af kistufelli, lítur vel út og í góðu standi, ásett verð 490 þús. TILBOÐ 360 ÞÚS! S. 841 8955.

## Bílar óskast



Stolin bifreið. Fundarlaun. Í ágúst 2008 var bifreiðinni ND-472 stolið í Hafnarfirði. Fundarlaunum er heitið til þeirra sem veitt geta upplýsingar um það hvar bifreiðin er niðurkomin. Fullum trúnaði heitið. Vinsamlega hafið samband á eignaleiga@gmail.com

Óska e. að kaupa gamla bíla til niðurrifs. Nán.uppl. í síma 661-2222.

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 20- 200 þús. Sími 615 1810.

**!!! Vantar bíl !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200 þús. stgr. Má þarfnast lagfæringar eða skoðunnar. S. 659 9696.

## Jeppar



**Diesel Jeppi!!!!!**
Isuzu Tropper Turbo Diesel árg. 99 ekinn 259 þ. km, 5 gíra, 7 manna, 35" breyttur, CB, talstöð, NMT sími, GPS tengi, kaastarar+grind, bakbogar, gluggavindhlífar, krókur, ný tímareim, skoðaður 2010, vél tekin upp í ca 170 þ km, góður bíll, mikið endurnýjaður, verð 1.090.000- verð nú aðeins 890.000- ath. skipti á ódýrari uppl. í síma 842-6605.

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

## Sendibílar




Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Kerrur

Óska eftir góðri jeppakerri. Uppl. í S 773 4449.

## Vinnuvélar

**KRAFTVÉLAR**
Höfum til sölu úrval notaðra tækja. Kíktu á www.kraftvelar.is

**ÚTSALA**
**40% AFSLÁTTUR**
Af varahlutum, rekstrarvöru, olíu, glussa, fatnaði og skóm

Seljum á kostnaðarverði

**Vinnuvélar:**
Ýmsar stærðir af skóflum, gúmmibelti f. mini vélar, ýmsar stærðir af dekkjum, beltakeðjur, hraðtengi, jarðvegsþjöppur 80-235 kg, ýmsar stærðir af sniglum fyrir staurabora, 80 og 120 kg. vökvahamra.

**Lyftarar:**
Tvöföld og þreföld möstur, hliðar og gaffalfærslur, snúninga og hliðarfærslur, gaffar, 1300 kg. rafmagns handpallettulyftur.

**VÉLAVER Krókhálsi 16**
**Sími 588 2600**

## Hjólbarðar

Til sölu 4 notuð nagladekk 175/65R14. Verð 15000. Uppl. hjá Páli í síma 6631543

## Varahlutir

**VAKA**

Eigum notaða varahluti og dekk í tugi biltegunda. Sími: 567 6700 (varahlutaverslun), Vakabílar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Er að rífa Toyota Yaris '00, Corollu Hatcback '96, Escord '98. Accent árg. '95. Impreza árg. '99. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Hyundai Elantra Wagon '97. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**www.netpartar.is**
**Bílapartasala**
Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Partabílar 770-6400**
Er að rífa Swift 05-09 Yaris '05 BMW 525 disel '02 Honda Civic '97 Renult Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, Peugot 306 '98. Kaupum bíla í niðurrif.

**Þú finnur allar helstu bílapartasölur landsins á www.partasolur.is**

## ÞJÓNUSTA

## Jólaskemmtanir

**Jólasveinaþjónusta Skyrgáms**

Förum að koma til byggða, viltu að við komum við hjá þér? 20% til Hjálparst. Kirkjunnar. Bókaðu heimsókn á skyrgamur@skyrgamur.is

## Garðyrkja

**Er bílaplanið orðið gamalt og mosagróið?**
**Tökum að okkur að sýruþvo og hreinsa hellulögð og steypt plön. Ótrúlegur árangur.**
**S. 691 8907**

**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**




**Trjáfellingar!**
Runnaklippingar, trjáklippingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald, uppgjör, ársreikningar, launavinnslur. Mjög öflugur bókhalds- og uppgjörsaðili getur bætt við sig verkefnum. S. 772 55 33 Info@betrabokhald.com

## Málarar

**Málarar geta bætt við sig verkefnum, uppl. s. 891 9890**

**Vantar þig málara?**
Alhliða málningarvinna, ekkert er of lítið. tilboð eða tímavinna. Jonni Málar - 663 7576

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. S. 896 5758.

Málarar geta bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, hagstæð kjör! Uppl. í s. 773 0317.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Vöruflutningar




## Húsaviðhald

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 899 2420**
**Steingæði ehf.**

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

**Viðhaldsverk ehf**

**Húsaviðgerðir**
Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712.




**smidaland.is**
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.




**Flisaverk.is**
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö Niðurrif-Förgun-Múrverk-Flísalagnir-Pípulagnir-Rafmagn-Smíðar kristjan@flisaverk.is S: 898 4990.

**Múrverktakar**
Múrvertakar geta bætt við sig öllu almennu múrverki og húsaviðgerðum. Einnig flísalagnir og hellulagnir. Margt kemur til greina. S. 865 2782.

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598. .

**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

ÞAKDÚKUR. Legg dúk á þök,svalir,skotrennur og bílskúra. Fáið tilboð hjá Lárusi í s: 690-7171

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Stífluþjónusta

Eru skolplagnir bilaðar, endurnýjum lagnir með nýrri tækni. Ástansskoðun. Kíktu á nylogn.is & 893 9229

## Tölvur

**Tölvuviðgerðir - vírushreinsanir - Gagnabjörgun**
Geri við allar tegundir. 15 ára reynsla og microsoft vottun.Ríkharður - Miðnet ehf - S. 6152000

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, flest tölvuvandræði leyst. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

## Nudd

Whole body massage. Tel. 849 5247.

**NUDD**
Whole body massage. S. 841 8529.

Sælunudd í boði, mjög góð þjónusta, opið 11-23 alla daga vikunnar. S:698 4105.

## Spádómar




**Spálínur Sjáandans**
**Opið virka daga Sjáandinn S. 908 2727 kl. 18-22 þri.-fim Sibba 908 2507 kl. 22-24 Spádómar og ráðgjöf**

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.




## Rafvirkjun




## Önnur þjónusta



**GreenHouse**
Haust-vetrarlína GreenHouse. Verið velkomin að sækja frían bækling. Opið í dag þriðjudag kl. 13-19. GreenHouse Rauðagerði 26.

**Saumaverk**
Tökum að okkur allan saumaskap, saumum fyrir hönnuði og fyrirtæki, einnig fatabreytingar og viðgerðir. Uppl. í s. 844 9301.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Ísskápur á 10þ. Stálísskápur á 50þ. Þvottavél á 20þ. Stór amerísk á 30þ. Þvottavél + Þurrkari á 25þ. Uppþvottavél á 20þ. BílaCD á 8þ. Barnakerra á 4þ. Stálvaskur á 5þ. 20" TV á 5þ. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13, Verið velkomin**

## Vélar og verkfæri




## Til bygginga

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 555 7905 og ulfurinn.is

## Verslun





PARTÝBÚÐIN TVÖFALDAST: HEIL HÆÐ AF HREKKJAVÖKUBÚNINGUM, VAMPÍRUSKIKKJUR FRÁ KR. 1,490, ALLIR BARNABÚNINGAR 2,500 KALL . PARTÝBÚÐIN, FAXAFENI 11




## Til sölu






Tunicur ýmsir litir 6.900 kr. Emilía Bláu húsin Faxafeni www.clamal.is s: 588-9925

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantratemple.com

**J. B. HEILSULIND**
**Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur, Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

Gott nudd - good massage. S. 849 3484 & 892 9576.

Glæsilegt heilnudd. Langar þig í nudd hringdu í s. 662 0841. Tilboð.

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Lausir tímar. Guðrún 695 5480.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu ca 200 fm raðhús í Bryggjuhverfi 110 R. 175 þús. Uppl. s. 896-8030

ROOMS f/ RENT w/ FURNITURE IN 108 KRINGLA AND IN 109 AND 111 BREIÐHOLT 8973611

Lítil stúdíó íbúð í Miðb. Rvk. húsg. fylgja. Leiga 50þ. með hússj. S. 895 0482.

Einstaklingsherb. til leigu með húsgögnum & eldhúsaðgangur með öllum áhöldum. Þvottaþjónusta fylgir. Leigist reglusömum & skilvísum karlmanni í fastri vinnu. Uppl. í s. 557 2183.

100fm íbúð til leigu í Seljahverfi, 109 Rvk. Laus um næstu mán.mót, langtímaleiga. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 899 8195.

Til leigu 70m2 nýlegt iðnaðarbil í Garðabæ malbikað plan góð hurð uppl 892-7858

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

71 fm 2 herbergja íbúð á góðum stað í Hafnarfirði til leigu. Íbúðin leigist á 110 þús allt innifalið. Internet fylgir fyrstu 3 mánuðina. uppl í kristjanasunna@simnet.is Laus 1 nóv. Langtímaleiga

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir húsnæði ca 50-120 m2 á höfuðborgasvæðinu undir léttan iðnað s: 8694604

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymslupláss**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

Er með upphitað geymsluhúsnæði fyrir Fellihýsi - tjaldvagna - hjólhýsi - pallhýsi. S. 867 1282.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Kol ehf
hringjum út

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 550 3610 kol@kol.is

**Kökuhornið Bæjarlind**
**Óskum eftir starfsfólki á tvískiptar vaktir 06:30-13:00 og 13:00-18:30, einnig vantar í afgreiðslu aðra hvora helgi. Ekki yngri enn 18 ára og íslenskukunnátta skilyrði. kokuhornid@kokuhornid.is S. 866 0060, Ingibjörg & 897 0702, Sirrý.**

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakaríi.Vinnutími frá 07-13/13-18.30. Helena simi: 699-5423

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## Þjónusta



# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Símadömur 908 1616**
**okkur langar að heyra í þér !**

52 ára kona leitar kynna við karlmann með vinskap í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8123.

50 ára karlmaður, grannur, vel útlítandi, vill kynnast karlmanni. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8870.

Karlmaður leitar kynna við karlmann, verður að hafa aðstöðu, engar skuldbindingar. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8999.

Kona á besta aldri vill kynnast karlmanni með náin kynni í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8939.

Eldhress yngri karlmaður leitar ævintýra. Svarar öllum. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8572.

Kona með fallega rödd leitar kynna við karlmann með ævintýri í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8489.

## Skemmtanir




**HEILSUGÆSLAN – hápólitískur gamanleikur**

Heilsugæslan er gamanleikur og öll hlutverk í höndum tveggja leikara, þeirra Elfars Loga Hannessonar og Margrétar Sverrisdóttur. Sýningar er ein klukkustund. Heilsugæslan er hápólitískt leikrit og umfjöllunarefnið brennandi á íslenzku þjóðfélagi, ekki sízt nún, í skugga niðurskurðar.
Heilsugæslan er fyrir alla!

**Sýnt í Catalínu Laugardaginn 31. Okt. Kl. 20:30.**
**Miðasala hefst í dag þriðjudaginn 27. okt.**

Café Catalina


# Blaðberinn bíður þín

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.**



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


## Tilkynningar

### STÁLTAK HF. – AÐALFUNDUR

Stjórn Stáltaks hf. boðar hér með til aðalfundar fimmtudaginn 12. nóvember 2009, kl. 16:00. Fundurinn verður haldinn að Suðurlandsbraut 30, 5. hæð, Reykjavík.

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Tillaga stjórnar um að félaginu verði slitið
3. Önnur mál

Stjórnin.




# Bíladagar Fréttablaðsins!

**Þarftu að kaupa, selja eða skipta?** Sérstakir bíladagar verða frá og með næstu helgi alla laugardaga í smáauglýsingum Fréttablaðsins.

**Sértilboð á bílaauglýsingum – aðeins 3.490 kr, texti og mynd.**

Hafið samband við sölumann í s. 512 5050 eða sendið póst á smaar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**Bíladagar – markaðstorg með bíla**

Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið


## Tilkynningar

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Æskulýðssjóður

Næsti umsóknarfrestur í Æskulýðssjóð er 1. nóvember 2009.

Hlutverk Æskulýðssjóðs er að styrkja eftirtalin verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka:
1. Sérstök verkefni sem unnin eru fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra.
2. Þjálfun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða.
3. Nýjungar og þróunarverkefni.
4. Samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Hvorki er heimilt að styrkja árvissa eða fasta viðburði í félagsstarfi, svo sem þing, mót eða þess háttar viðburði, né ferðir hópa.
Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknavef Stjórnarráðsins á vefslóðinni http://umsoknir.stjr.is.

Við úthlutun úr Æskulýðssjóði fyrir árið 2010 verður lögð áhersla á umsóknir æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka um verkefni er miða að mannréttindafræðslu og lýðræðislegri þátttöku ungmenna í samfélaginu og samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Nánari upplýsingar um Æskulýðssjóð og umsóknarferlið er að finna á vef ráðuneytisins. Einnig veitir Valgerður Þórunn Bjarnadóttir upplýsingar í síma 545 9500 eða í tölvupósti á valgerdur.thorunn.bjarnadottir@mrn.stjr.is

Mennta- og menningarmálaráðuneyti,
26. október 2009.
menntamalaraduneyti.is

## Fasteignir

**ATVINNUHÚS EHF**



### Vöruhús til leigu

**Til leigu í einu lagi eða hlutum 5.800 fm. við Klettagarða í Reykjavík (við hliðina á Flytjanda/Eimskip). Lagerrými tilbúið til notkunar u.þ.b. 4.700 fm. án súlna. Skrifstofu- og þjónusturými 1.100 fm. verður með 1. flokks innréttingum skv. þörfum leigjanda. Hagstæð leiga.**

Atvinnuhús ehf. fasteignasala. • Hverfisgata 4 Rvk. • S: 561-4433 • 698-4611 • Aði Vagnsson hdl. og lögg.fasteignasali

# Ingalls-fjölskyldan

UMRÆÐAN
Dofri Hermannsson skrifar um húsnæðismál


DOFRI HERMANNSSON

Upp úr 2000 fór húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu að hækka en tók árlegt stökk eftir að 90% húsnæðislán Framsóknar og Sjálfstæðisflokks tóku gildi 2003 og bankarnir fylgdu eftir með 90-110% húsnæðislánum sínum. Til varð stór hópur nýrra kaupenda og eftirspurn eftir lóðum jókst gríðarlega. Allir vildu byggja og selja á tvöföldum byggingarkostnaði.

R-listinn var sakaður um tvennt; lóðaskort og uppboðsaðferð. Framboð á lóðum í Reykjavík var samkvæmt sameiginlegri áætlun sveitarfélaga á höfuðborgasvæðinu en sum þeirra ákváðu fljótlega að hunsa. Upphófst mikil pissukeppni þar sem sveitarfélög undir stjórn Sjálfstæðisflokks deiliskipulögðu ný hverfi eins og von væri á tvöföldun íbúa á næsta ári. Um leið var R-listinn harðlega gagnrýndur fyrir lóðaskort.

Uppboðsaðferðin var líka harðlega gagnrýnd og henni kennt um hækkandi húsnæðisverð – ranglega eins og sérfræðingar bentu ítrekað á. Þvert á móti var uppboðsaðferðin eina leiðin til að útdeila takmörkuðum gæðum á sanngjarnan hátt og láta andvirðið skila sér að fullu til borgarbúa sjálfra. Kostnaðinn af pissukeppninni, um 100 milljarða í óseldum lóðum og innviðum tómlegra nýbyggingahverfa, þurfa útsvarsgreiðendur að bera.

Gegn ábyrgri stefnu Samfylkingar í lóðamálum og loforði um uppbyggingu á traustum almennum leigumarkaði sem valkosti fyrir ungar fjölskyldur vorið 2006 tefldu sjálfstæðismenn fram draumnum um ódýra lóð og Húsið á sléttunni. Nýútskrifaðir kennarar, verkfræðingar, matreiðslumeistarar og allir hinir sem voru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði áttu að taka sér hamar og sög í hönd og byggja sér hús á 100% láni.

Það kom í hlut sjálfstæðismanna að stjórna borginni þetta kjörtímabil og oft frá því það hófst hefur Samfylkingin bent á þörfina fyrir traustan almennan leigumarkað sem valkost. Fyrir því hefur enginn áhugi verið hjá núverandi meirihluta.

Hvað reykvískar Ingalls-fjölskyldur í hálfbyggðum hverfum hugsa um Húsið-á-sléttunnistefnu Sjálfstæðisflokksins í húsnæðismálum ungra fjölskyldna væri fróðlegt að vita. Hefðu þær kannski viljað fá val um að byggja eða leigja á traustum almennum leigumarkaði?

*Höfundur er varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Varnarlaus velferð

UMRÆÐAN
Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir skrifar um velferðarmál


SIGURBJÖRG SIGURGEIRSDÓTTIR

Framundan eru mögur ár í rekstri ríkisins. Við blasir niðurskurður á þjónustu heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfisins í landinu í nokkur ár í röð. Þegar niðurskurður er af þeirri stærðargráðu sem efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) gerir ráð fyrir og fyrirsjáanlegur í nokkur ár geta viðbrögð stjórnvalda tæpast verið annað en skipulagður samdráttur.

Skipulagður samdráttur við þessar aðstæður felur í sér varnaráætlun sem beinist að kerfinu í heild sinni og einstaka stofnunum þess. Þar er markvissri forgangsröðun og kerfisbundnu áhættumati beitt til að freista þess að standa vörð um mikilvægustu markmið þjónustunnar. Störfum kann að fækka, það sem í dag kallast gott aðgengi kallar á nánari skilgreiningar, biðlistar kunna að lengjast, áhersla kann að þurfa að færast tímabundið frá einum sjúklingahópi yfir á annan og gæði að skerðast. En þegar kemur að öryggi þjónustunnar má hvergi gefa eftir.

Staða sjúklinga og notenda þjónustunnar innan íslenska heilbrigðiskerfisins og velferðarþjónustunnar er ekki vel tryggð. Veikasti hlekkur þessara þjónustukerfa er stefnumótunin sjálf og eftirlitið með framkvæmd þjónustunnar. Ísland hefði t.d. ekki misst svo marga unga menn ef eftirlit með þeim aðilum sem áttu að veita þeim tímabundið heimili og gott uppeldislegt atlæti hefði ekki brugðist. Þá hefur, hjá embætti Landlæknis, alltof mörgum óskyldum verkefnum verið komið fyrir innan sömu stofnunar. Þar ægir saman framkvæmd verkefna og eftirliti. Þessi staðreynd dregur úr gæðum og öryggi eftirlits, veikir trúverðugleika stofnunarinnar sem eftirlitsstofnunar og veikir þar með stjórnsýslu heilbrigðiskerfisins í heild sinni. Ástæðan er sú að sá sem framkvæmir getur ekki haft eftirlit með eigin framkvæmd. Við slíkar aðstæður verður eftirlitið óvirkt og heildarstýring kerfisins í átt að markmiðum þjónustunnar fer forgörðum. Í slíku kerfi er staða sjúklinga ekki vel tryggð.

Gott dæmi um þetta er skipulag og framkvæmd bólusetningar gegn svínaflensu. Skv. lögum um sóttvarnir ber embætti landlæknis ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Hjá Landlækni starfar sóttvarnalæknir sem ber ábyrgð á sóttvörnum. Sóttvarnalæknir ber ábyrgð á forgangsröðun og skipulagningu á framkvæmd bólusetningar vegna svínaflensunnar. Hvert eiga einstaklingar og hópar sem telja öryggi sínu ógnað vegna forgangröðunar sóttvarnalæknis að snúa sér? Að sjálfsögðu ekki til Landlæknis. Þá liggur beinast við að snúa sér til heilbrigðisráðherra. En hvert á þá heilbrigðisráðherra að leita eftir faglegri umsögn í málinu? Þetta er stjórnsýsluvandi sem veikir mjög stöðu sjúklinga og notenda í íslenskri heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Sams konar vandi kom upp í málum ungu mannanna frá Breiðavík og skjólstæðingum Byrgisins þegar heilbrigðisráðherra fól Landlækni að hafa forgöngu um framkvæmd á áfallahjálp fyrir þennan hóp. Hér vaknar enn og aftur hin klassíska spurning hver á að hafa eftirlit með eftirlitinu?

Þeim niðurskurði sem nú fer í hönd fylgir ákveðin áhætta fyrir sjúklinga og notendur. Þá er rétt að gera sér ljóst að sé það eindreginn vilji stjórnvalda og þjóðarinnar að viðhalda á Íslandi velferðarkerfi í norrænni mynd þá hefur svo stórfelldur og langvarandi niðurskurður einnig í för með sér mikla kerfislega áhættu. Verði ekkert að gert getur þjónustan staðið berskjölduð frammi fyrir óánægju og gagnrýni notenda og starfsfólks og þar með varnarlaus gagnvart utanaðkomandi stefnum og straumum sem geta leitt til grundvallarbreytinga á innviðum kerfisins, breytinga sem ekki eru í samræmi við framtíðarsýn stjórnvalda og meirihluta þjóðarinnar. Varnarlaust velferðarkerfi við þessar aðstæður mun reka af leið – stefnurek tekur við af stefnuleysi þegar stefnufestu er hvað mest þörf.

Ég leyfi mér að fullyrða að verði ekki brugðist við án tafar, sá skipulags- og stjórnsýsluvandi sem einkennir þjónustukerfi ríkisins við landsmenn leystur hið fyrsta og ráðstafanir gerðar velferðarkerfinu til varnar má sjá hér fyrir breytingar á kerfinu sem líkja má við hrun.

Við endurskoðun á efnahagsáætlun AGS og ríkisstjórnarinnar þarf ríkisstjórnin að gera viðsemjendum þar ljóst að samfélagssáttmálinn er milli íslenskra stjórnvalda og þjóðarinnar, en ekki milli þjóðarinnar og AGS. Ábyrgðin á afdrifum íslenska velferðarkerfisins í kjölfar bankahrunsins mun á endanum falla á íslensk stjórnvöld.

*Höfundur er stjórnsýslufræðingur.*

ÚTSALA
40% afsláttur
Af umgjörðum og glerjum
Verslunin hættir
OPTIK LÆKJARTORGI

**FLOSI ÓLAFSSON (1929-2009) FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI.**

*„Las ég mér til menntunar margan doðrant vænan. En lærdómsríkust lesning var samt Litla gula hænan.“*

***Flosi Ólafsson var leikari, leikstjóri og rithöfundur. Hann lék í mörgum uppfærslum Þjóðleikhússins og í fjölda kvikmynda. Þá leikstýrði hann fjölda leikrita og þátta fyrir útvarp og sjónvarp.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 27. OKTÓBER 1936

## *Minnismerki um Niels R. Finsen*



Minnismerki um Niels R. Finsen (1860-1904) var afhjúpað í Menntaskólanum í Reykjavík á þessum degi árið 1936.

Niels var færeyskur læknir af íslenskum ættum. Hann ólst upp í Færeyjum fyrstu ári ævi sinnar en var svo sendur til náms á Íslandi.

Hann lauk stúdentsprófi frá Lærða skólanum í Reykjavík árið 1882. Eftir það lagði hann stund á læknisfræði við Háskólann í Kaupmannahöfn og tók síðan embættispróf í læknisfræði árið 1890.

Að námi loknu starfaði Niels um tíma sem aðstoðarkennari í lífeðlisfræði við háskólann og síðan sem skurðlæknir við Kommunalhospitalet.

Niels helgaði sig þó helst ljóslækningum og fjallaði um efnið í sérstakri grein, Om Lysets Indvirkninger paa Huden, árið 1893. Næstu árin fjallaði hann frekar um málið í fræðigreinum, þar sem hann lýsti meðal annars ljósameðferð við húðberklum.

Niels stofnaði Finsenstofnunina í Kaupmannahöfn árið 1896. Tveimur árum síðar varð hann prófessor í læknisfræði.

Niels hlaut svo Nóbelsverðlaun í læknisfræði árið 1903 fyrir rannsóknir sínar á ljósameðferð. Ári síðar féll hann frá eftir mikil veikindi. **heimild: www.wikipedia.org.**

## MERKISATBURÐIR

**1607** Halastjarna Halleys er sem næst sólu.

**1682** Borgin Philadelphia er stofnuð í Norður-Ameríku.

**1810** Bandaríkin innlima spænsku nýlenduna Vestur-Flórída.

**1927** Úrsmiðafélag Íslands er stofnað í Reykjavík.

**1971** Nafni landsins Austur-Kongó formlega breytt í Saír undir stjórn Mobutu Sese Seko.

**1995** Bettino Craxi, fyrrum forsætisráðherra Ítalíu, fundinn sekur um spillingu.

**2005** Miklar óeirðir hefjast í París vegna óánægju ungs fólks af erlendum uppruna. Óeirðirnar halda áfram víða um Frakkland næstu þrjár vikurnar.

## AFMÆLI



**JOHN CLEESE** leikari er sjötugur í dag.



**GUÐFINNA BJARNADÓTTIR** stjórnmálamaður er 52 ára í dag.



**SIGRÚN ÁRNADÓTTIR** markþjálfi er fimmtug í dag.



**KATRÍN INGVARSDÓTTIR** dansari er 37 ára í dag.

## Ljósmyndasýning á Blindrabókasafninu

Ljósmyndarinn Axel Sigurðarson opnaði síðastliðinn föstudag ljósmyndasýningu á Blindrabókasafni Íslands.

Undanfarið hefur Axel tekið portrettmyndir af blindum einstaklingum, og er sýningin afrakstur þeirrar vinnu. Þetta er fyrsta einkasýning Axels og mun hún standa fram til 10. desember.

Blindrabókasafnið er á Digranesvegi 5 í Kópavogi.



**SÝNING** Ein þeirra mynda Axels sem eru til sýnis á Blindrabókasafninu.



## 90 ára afmæli

**Ingólfur Guðnason**

fyrrverandi bóndi Eyjum I, Kjós.

Í tilefni af þessum tímamótum tekur Ingólfur á móti ættingjum og vinum laugardaginn 31. október nk. milli kl. 14.00 - 17.00 í Kaffi Kjós við Meðalfellsvatn.




Erfidrykkjur af alúð

Hótel Saga annast erfidrykkjur af virðingu og hlýju.
Fágað umhverfi, góðar veitingar og styrk þjónusta.

Sími: 525 9930
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVIK




**FJÖLSKYLDAN SPILAR** Örn og kona hans Marta ásamt börnum sínum Ástu og Halldóri auk bróður Arnar, Sigursveins. MYND/EINAR FALUR INGÓLFSSON

**SPILMENN RÍKÍNÍS:** GEFA ÚT LJÓMALIND, SINN FYRSTA GEISLADISK

# Börnin eru orðin ómissandi hluti af hljómsveitinni

Hin sérstæða hljómsveit Spilmenn Ríkínís hefur gefið út sinn fyrsta geisladisk sem ber nafnið Ljómalind. Sveitin er sérstök fyrir nokkurra hluta sakir. Í fyrsta lagi sérhæfir hún sig í að flytja tónlist úr íslenskum bókum og handritum með hljóðfærum sem vitað er til að voru á Íslandi fyrr á öldum. Í öðru lagi eru hljómsveitarmeðlimir allir úr sömu fjölskyldu. Þar fer fremstur Örn Magnússon ásamt konu sinni Mörtu Guðrúnu Halldórsdóttur og bróður sínum Sigursveini. Með þeim spila síðan börn Arnar og Mörtu, þau Halldór, sautján ára, og Ásta, ellefu ára.

Hljómsveitin kennir sig við franska klerkinn Ríkíní sem var fyrsti tónlistarkennari hins forna Hólaskóla. Hún hélt sína fyrstu tónleika á Berjadögum á Ólafsfirði árið 2006 en upphaf sveitarinnar má þó rekja mun lengra aftur. „Við Sigursveinn höfðum í nokkur ár sungið tvísöng og fórum að hafa með okkur langspil. Þannig kviknaði áhuginn á þessum forna arfi,“ segir Örn. Hann og Marta hafa í mörg ár unnið við þjóðlagatónlist en lengst af á hefðbundin hljóðfæri.

En hvernig er að spila í hljómsveit með fjölskyldu sinni? „Það er alveg ljómandi skemmtilegt,“ svarar Örn og tekur fram að það hafi gerst svolítið af sjálfu sér að börnin voru innlimuð í hljómsveitina. „Börnin heyrðu þegar við vorum að vinna tónlistina heima. Hún er fremur einföld og brátt voru þau farin að taka þátt í þessu á heimilinu. Svo fórum við að hafa þau með okkur til að auka fjölbreytileikann. Með tímanum fjölgaði hljóðfærunum og krakkarnir voru orðnir ómissandi,“ segir hann og hlær.

Spilmenn Ríkínís spila á hljóðfæri á borð við langspil, symfón, hörpu, gígju, sláttugilli og gemsuhorn. Sum hljóðfærin hafa þau smíðað sjálf, önnur hafa verið smíðuð fyrir þau eftir gömlum teikningum. Örn segir enga sérstaka verkaskiptingu ríkja í hljómsveitinni. „Það var sagt á miðöldum að sá sem kallaði sig hljóðfæraleikara þyrfti að geta spilað á minnst níu hljóðfæri. Við leggjum okkur því fram um að vera sem allra fjölhæfust á hljóðfærin,“ útskýrir hann glettinn.

Á hinum nýútkomna geisladiski er að finna þá tónlist sem hljómsveitin hefur spilað undanfarin ár. Nefnir Örn sem dæmi tónlist úr Melódíuhandritinu frá 1650, Grallaranum frá lok sextándu aldar og sálmabókum frá Hólum. Síðan er stefnt að því að koma á koppinn útgáfutónleikum í nóvember en nánari dagsetning verður auglýst síðar.

En hvernig sér Örn framtíð Spilmanna fyrir sér? „Ég vona að við spilum sem lengst. Þetta er allavega nógu gaman, og heillandi hljóðheimur þessara gömlu hljóðfæra snerta hjá manni einhvern viðkvæman streng.“

**solveig@frettabladid.is**

## Leikið til styrktar Krafti

Styrktarleikur stúdenta í knattspyrnu til styrktar Krafti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein, fer fram laugardaginn 31. október klukkan 17. Þá munu úrvalslið Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík í knattspyrnu karla etja kappi í Kórnum í Kópavogi.

Hvor skólinn mun tefla fram sextán stjörnum úr íslenskri knattspyrnu, allt til styrktar góðu málefni. Fyrirliðarnir eru þeir Auðun Helgason úr HR og Gunnar Már Guðmundsson úr HÍ. Leikurinn verður níutíu mínútur og mun Kristinn Jakobsson dæma hann.

Miðaverð er 1.000 krónur og mun allur ágóðinn renna óskiptur til Krafts. Miðasala er hafin á midi.is en einnig verða seldir miðar við innganginn.



**TIL STUÐNINGS GÓÐU MÁLEFNI** Fyrirliðarnir eru þeir Auðun Helgason og Gunnar Már Guðmundsson.



✝

*Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Ólafía (Lollý) Ásbjarnardóttir

Gerðhömrum 36, Reykjavík,

lést á St. Jósefsspítala að kvöldi laugardagsins 24. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Kristófer Kristjánsson**
**Ásbjörn Björnsson — Helga Einarsdóttir**
**Ásta Friðrika Björnsdóttir — Svafar Magnússon**
**Guðmundur Karl Björnsson — Guðrún Svava Þrastardóttir**
**Gunnlaugur Rafn Björnsson — Linda Gunnarsdóttir**
**Ólafur Björn Björnsson — Linda Björk Ingadóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



✝

*Faðir okkar, tengdafaðir, fósturbróðir, afi og langafi,*

## Georg Franklínsson

Malmö, Svíþjóð,

verður jarðsunginn frá Garðakirkju Álftanesi föstudaginn 30. október kl. 15.00.

**Franklín Georgsson — Elínborg Jónsdóttir**
**Jóhannes Georgsson — Erla Lóa Jónsdóttir**
**Björk Georgsdóttir — Ársæll Friðriksson**
**Lúðvík Georgsson — Birgit Engler**
**Hulda Georgsdóttir — Michel Kizawi**
**Baldvin Georgsson — Eva Georgsson**
**Guðjón Þorbjörnsson — Hulda Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Friðbjörg Friðbjörnsdóttir

Víðilundi 16a, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri að kvöldi fimmtudagsins 22. október. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 30. október klukkan 13.30.

**Friðbjörn Berg**
**Þorsteinn Berg — Heiðrún Sverrisdóttir**
**Jón E. Berg — Bryndís Baldursdóttir**
**Bryndís Berg — Ingólfur S. Sveinsson**
**Þórdís Jörgensen — Preben W. Jörgensen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Þökkum af heilum hug öllum þeim sem sýndu okkur samúð við andlát og útför,*

## Ævarrs Hjartarsonar

Furulundi 33, Akureyri.

Þökkum sérstaklega þeim sem hafa veitt okkur hvatningu og styrk á undanförnum árum, starfsfólki á Kristnesi og Bjargi og ekki síst Heimahlynningu og L-deild FSA fyrir síðustu daga okkar saman. Það stendur enginn einn sem á ykkur að.

**Freydís Laxdal**
**Hrafnhildur L. Ævarsdóttir — Stefán S. Ólafsson**
**Harpa Ævarrsdóttir**
**Haraldur B. Ævarsson — Elín S. Ingvarsdóttir**
**Andri Fannar, Alma, Atli Snær, Ævarr Freyr og Jóhanna Margrét.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5000.



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Hjálmar Jóhann Níelsson

Garðarsvegi 8, Seyðisfirði,

andaðist 20. október. Útförin fer fram frá Seyðisfjarðarkirkju 30. október kl. 14.00.

**Anna Þorvarðardóttir og aðrir aðstandendur.**



✝

*Hjartkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

## Jörgen Faurholt Ólason

Yrsufelli 32, Reykjavík,

sem lést miðvikudaginn 21. október, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 29. október kl. 13.00.

**Sólveig B. Halldórsdóttir**
**Stefanía Jörgensdóttir — Einar Einarsson**
**Halldór J. Jörgensson — Katrín Guðmundsdóttir**
**Anna Karen Jörgensdóttir — Björn Jónsson**
**og barnabörn.**



✝

*Okkar ástkæri,*

## Sturlaugur Ólafsson

húsasmíðameistari og framhaldsskólakennari,

andaðist fimmtudaginn 22. október. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 29. október kl. 14.00.

**Ólöf Björnsdóttir**
**Unnur Sturlaugsdóttir**
**Margrét Sturlaugsdóttir — Falur Jóhann Harðarson**
**Davíð Baldursson — Jódís Lilja Jakobsdóttir**
**fjölskyldur þeirra og aðrir vandamenn.**



✝

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

## Ástu Sigrúnar Oddsdóttur

Bólstaðarhlíð 41, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar fyrir einstaka umönnun og hlý samskipti.

**Anna Lísa Blomsterberg — Hlini Pétursson**
**Kristín Blomsterberg Ahl — Bengt Ahl**
**Friðrik Blomsterberg — Alda G. Jóhannesdóttir**
**Sigrún Blomsterberg — Friðrik Jósafatsson**
**Ellen Blomsterberg — Einar Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Guðbjörg Þorsteinsdóttir

áður til heimilis að Bessastöðum, Álftanesi,

sem lést þriðjudaginn 20. október, verður jarðsungin frá Bessastaðakirkju miðvikudaginn 28. október kl. 15.00.

**Steina Kristín Kristjónsdóttir**
**Danfríður Kristjónsdóttir — Sverrir Jónsson**
**Guðbjörg Lárusdóttir — Jónas Halldór Jónasson**
**Lára Kristjana Lárusdóttir**
**Kristjón Sverrisson**
**Vigdís Sverrisdóttir**
**Kristín Sverrisdóttir**
**og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Tryggvi Jónasson

Hásteinsvegi 56a, Vestmannaeyjum,

sem lést laugardaginn 17. október, verður jarðsunginn frá Landakirkju, Vestmannaeyjum, laugardaginn 31. október klukkan 14.00.

**Jóna Margrét Júlíusdóttir**
**Ásgerður Tryggvadóttir**
**Júlía Tryggvadóttir — Ólafur Tryggvason**
**Karen Tryggvadóttir — Sigurlás Þorleifsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Hjartkær bróðir okkar, vinur og frændi,*

## Anton Valdimar Jónsson

Naustum II, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 20. október sl. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 29. október kl. 13.30.

**Guðrún Jónsdóttir**
**Davíð Jónsson og Fjóla Rósantsdóttir**
**og systkinabörn hins látna.**



✝

*Þökkum innilega öllum þeim er sýndu okkur samúð vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

## Guðbjargar K. Arndal

Austurbyggð 17, Akureyri.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Beykihlíðar sem og lyflækningadeildar Sjúkrahússins á Akureyri fyrir einstaklega góða umönnun, hlýju og vinarþel.

**Kristín Jóhannesdóttir Arndal — Stígur Sæland**
**Guðrún Jóhannesdóttir**
**Oktavía Jóhannesdóttir — Karl Ágúst Gunnlaugsson**
**Reynir Reynisson — Ásta Júlía Theódórsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



✝

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Þuríður H. Beck

Breiðuvík 18, Reykjavík,

andaðist á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut, laugardaginn 24. október.
Jarðarför verður auglýst síðar.

**Jón Gunnar Júlíusson**
**Hallfríður Jónsdóttir**
**Kristín G. Jónsdóttir — Guðmundur B. Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, og amma,*

## Sólveig Rósa Jónsdóttir

frá Einarsstöðum í Reykjadal,
Lómasalir 10, Kópavogi,

verður jarðsungin frá Digraneskirkju miðvikudaginn 28. október og hefst afhöfnin kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Alzheimerssamtökin njóta þess.

**Bragi Árnason**
**Lilja Kristín Bragadóttir — Valdemar Gísli Valdemarsson**
**Guðrún Jóna Bragadóttir — Hilmar Þorvaldsson**
**Anna Þóra Bragadóttir — Haraldur Kr. Ólason**
**Jóhanna Bragadóttir — Sigurjón Hendriksson**
**Sigríður Jónsdóttir**
**Aðalsteinn Jónsson**
**og barnabörn.**



# Spennandi námskeið á næstunni

Sjálfbær framtíð
**hefst 28. október**

Hugarkort: Verkfæri kennarans
**haldið 28. október**

Sköpunarsagan í heiðnum sið
**hefst 2. nóvember**

Baráttan um landið helga: Palestína - Ísrael
**hefst 3. nóvember**

Sjálfbært skipulag og framtíðarsýn
**haldið 4. nóvember**

Náttúrumeðul – að tileinka sér upplýsingar
**haldið 4. nóvember**

Englar
**hefst 5. nóvember**

Starfsmannasamtöl og frammistöðumat
**hefst 5. nóvember**

Facebook sem markaðstæki - fyrir lengra komna
**hefst 9. nóvember**

Þjónusta og samskipti við krefjandi viðskiptavini
**haldið 9. nóvember**

Virðismat fyrirtækja
**hefst 11. nóvember**

Hrós, hvatning og jákvæð endurgjöf
**haldið 11. nóvember**

VectorWorks I
**hefst 11. nóvember**

Leiðarvísir að Sturlungu
**hefst 11. nóvember**

Reiknuð laun í eigin atvinnurekstri
**haldið 12. nóvember**

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

**Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 og endurmenntun.is**


# Galdurinn á bak við farsælt hjónaband



**NOKKUR ORÐ**
**Sara McMahon**



Nýleg könnun vísindamanna við Háskólann í Bath í Bretlandi hefur leitt í ljós að lykillinn að farsælu hjónabandi sé að konan sé minnsta fimm árum yngri en karlinn. Rannsóknin tók fimm ár og úrtakið náði til meira en þúsund hjóna. Auk þess eru hjónabönd þrisvar sinnum líklegri til að enda með skilnaði ef konan er meira en fimm árum eldri en karlinn. Könnunin leiddi auk þess í ljós að máli skiptir að konan sé betur menntuð en karlinn, því slík sambönd entust lengur.

Nú vill svo til að ég er aðeins tveimur árum yngri en sambýlingurinn. Sé mark tekið á niðurstöðu könnunarinnar eigum við sambýlingurinn litla möguleika á farsælu hjónabandi, nema ef vera skyldi að prófgráður mínar bjargi okkur.

Þó að niðurstöður bresku vísindamannanna séu okkur ekki í hag virðast himinhvolfin hlynnt sambandi mín og sambýlingsins og telja okkur eiga prýðisvel saman. Samkvæmt stjörnunum dáist sambýlingurinn að skipulagshæfileikum mínum því sjálfur á hann erfitt með að halda röð og reglu. Samkvæmt sömu stjörnum getur sambýlingurinn mögulega kennt mér mátulegt kæruleysi og hjálpað mér að draga úr eðlislægri stífni. Hverju skal trúa?

Föðurbróðir minn hefur verið giftur sömu konunni í fjörutíu ár (hún er einmitt fimm árum yngri en hann) og enn virðast þau barnslega skotin í hvort öðru. Ég spurði frænku mína eitt sinn hvort það hefði reynst erfitt að vera gift sama manninum í öll þessi ár. Svarið var fullkomlega skynsamlegt: „Galdurinn er að eyða nægum tíma saman bara tvö, nægum tíma í sundur og nægum tíma saman í hópi vina.“ Ég kýs að trúa frænku minni, enda er hún reynslubolti á þessu sviði.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott



## > Björk fer í Val

Björk Gunnarsdóttir mun ganga til liðs við Val, eftir því sem fram kom á fótbolti.net í gær. Björk hefur leikið með Stjörnunni allan sinn feril og hefur alls skorað 68 mörk í 118 leikjum í bæði deild og bikar með félaginu frá árinu 2001. Hún er markahæsti leikmaður Stjörnunnar í efstu deild frá upphafi. Valur ætlar sér greinilega að verja meistaratitla sína á næsta ári því liðið hefur einnig fengið Berglindi Bjarnadóttur í sínar raðir frá HK/Víkingi. Björk var markahæsti leikmaður Stjörnunnar í sumar og skoraði þá sextán mörk í átján leikjum.



sport

sport@frettabladid.is

EMIL HALLFREÐSSON: Í ELDLÍNUNNI MEÐ BARNSLEY GEGN MANCHESTER UNITED Í DEILDARBIKARNUM Í KVÖLD

# *Menn vonast alltaf eftir hagstæðum úrslitum*



Landsliðsmaðurinn Emil Hallfreðsson hefur verið fastamaður í byrjunarliði enska b-deildarfélagsins Barnsley síðan hann gekk í raðir liðsins um miðjan ágúst á lánssamningi frá ítalska b-deildarfélaginu Reggina út yfirstandandi keppnistímabil. Barnsley stendur nú í harðri botnbaráttu en þrátt fyrir tvö töp í röð í deildinni hefur verið bjartara yfir hlutum hjá félaginu eftir að knattspyrnustjórinn Mark Robins tók við stjórnartaumunum á Oakwell-leikvanginum.

„Þetta er bara búið að ganga ágætlega til þessa og ég er auðvitað ánægður með að fá að spila reglulega í byrjunarliðinu. Það er kærkomin tilbreyting frá því sem var hjá Reggina á Ítalíu. Mark Robins er líka fínn og þó svo að við séum búnir að tapa tveimur leikjum í röð þýðir ekkert að dvelja neitt við það því það eru svo margir leikir í þessari deild að menn þurfa að vera fljótir að einbeita sér að næsta leik. Ég kann reyndar mjög vel við það að spila svona marga leiki þannig að þetta hentar mér mjög vel,“ segir Emil.

Barnsley hvílir sig reyndar á ensku b-deildinni í kvöld þegar félagið mætir Englandsmeisturum Manchester United í enska deildarbikarnum á Oakwell-leikvanginum. Barnsley hefur reyndar getið sér gott orð í bikarkeppnum undanfarin ár en liðið komst alla leið í undanúrslit FA-bikarsins tímabilið 2007-2008 og sló þá risafélög á borð við Chelsea og Liverpool út úr keppninni á leið sinni þangað. Emil kveðst vitanlega hlakka til leiksins en ekkert meira en fyrir aðra leiki.

„Það er náttúrlega löngu orðið uppselt á leikinn, það er mikil stemning hjá félaginu og menn vonast náttúrulega alltaf eftir hagstæðum úrslitum, sér í lagi út af góðu gengi í bikarnum síðustu ár. Ég er samt ekkert að spá of mikið í þennan leik og mun ekkert missa svefn yfir því hvaða leikmenn muni spila leikinn hjá þeim. Það verður bara að koma í ljós,“ segir Púlarinn Emil á léttum nótum.



**DAVID BECKHAM** Fer aftur til Ítalíu um áramótin. NORDIC PHOTOS/AFP

David Beckham:

## Snýr aftur til AC Milan

**FÓTBOLTI Adriano Galliani, framkvæmdastjóri AC Milan, staðfesti að fullvíst væri að David Beckham myndi snúa aftur til félagsins þegar félagaskiptaglugginn verður opnaður um næstu mánaðamót.**

**Beckham lék með AC Milan í upphafi ársins við góðan orðstír. Hann vill komast aftur til Ítalíu til að auka líkurnar á að hann verði valinn í landsliðshóp Englendinga fyrir HM í Suður-Afríku á næsta ári.**

**„Þetta er 100 prósent öruggt. Það eina sem vantar er undirskriftirnar en samkomulagið er í höfn,“ sagði Galliani.**

**Á síðasta tímabili átti Beckham að snúa aftur í byrjun mars til Bandaríkjanna, þar sem hann spilar með LA Galaxy, en lánssamningur hans var þá framlengdur til loka tímabilsins á Ítalíu. Líklegt er að Beckham klári tímabilið með AC Milan aftur nú.** - esá

# Ekki lokahópur fyrir EM í Austurríki

**Íslenska landsliðið í handbolta kom saman í gær í fyrsta sinn í langan tíma og mun æfa saman í vikunni. Liðið undirbýr sig fyrir EM í Austurríki en landsliðsþjálfarinn segir þó EM-hópinn alls ekki fullmótaðan.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið kom saman í gær í fyrsta sinn síðan í vor og mun æfa saman alla þessa viku. Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari segir að vegna mikilla meiðsla og fjarveru leikmanna á undanförnu ári sé hann nú með flesta af sínum sterkustu leikmönnum saman á einum stað í fyrsta sinn í fjórtán mánuði – síðan Ólympíuleikunum lauk í Peking. Þrír eru reyndar fjarverandi nú vegna meiðsla: Einar Hólmgeirsson, Ásgeir Örn Hallgrímsson og Logi Geirsson.

Ákveðið var af þessum sökum að þessi vika yrði undirlögð af æfingum og ekki yrðu spilaðir æfingaleikir við aðrar þjóðir eins og oft hefur tíðkast þegar landsliðið kemur saman.

„Þegar verst lét vantaði níu Ólympíufara í landsliðið og því var ákveðið að nýta þessa viku til að æfa liðið saman, rifja upp það sem við höfum verið að gera og koma okkur í gang. Við munum æfa leikkerfi, varnarleik, hraðaupphlaup og flest það sem snertir okkar leik,“ sagði Guðmundur í samtali við Fréttablaðið.

Til stendur svo að leika svokallaðan pressuleik gegn úrvalsliði úr N1-deild karla sem íþróttafréttamenn munu sjá um að velja.

Það verður kærkomið tækifæri fyrir Guðmund að sjá leikmenn sem spila hér á landi þar sem hann er alla jafna í Danmörku en þar starfar hann sem þjálfari GOG.

Hann hefur þó fylgst vel með íslenska boltanum. „Ég er með tvo fulltrúa hér á landi, þá Óskar [Bjarna Óskarsson] og Gunnar [Magnússon] sem eru báðir



**HUGSUÐUR** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari býr íslenska landsliðið undir EM í Austurríki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þjálfarar í N1-deildinni. Ég tala mikið við þá og heyri þannig hvað er að gerast í handboltanum hér heima. En okkar leikmenn eru dreifðir um alla Evrópu og ekki get ég verið alls staðar í einu, frekar en aðrir landsliðsþjálfarar. Því er gott að eiga góða aðstoðarmenn að.“

Guðmundur valdi átján leikmenn að þessu sinni en segir að þeir sem ekki fengu tækifæri nú eiga enn möguleika á að komast með á Evrópumeistaramótið sem fer fram í Austurríki í janúar næstkomandi.

„Landsliðshópurinn getur vel breyst fyrir þann tíma og aðrir eiga hiklaust enn möguleika á að vinna sér sæti í hópnum. Það á enginn öruggt sæti í landsliðinu.“

Ólafur Stefánsson gefur nú kost á sér í landsliðið í fyrsta sinn síðan á ÓL í Peking. Guðmundur fagnar því mjög.

„Það lá fyrir að Ólafur ætlaði að skoða sinn hug og nú hefur hann ákveðið að gefa kost á sér aftur. En hann þarf að berjast fyrir sinni stöðu eins og allir aðrir.“

Hann segir að vel gangi að sameina starf sitt sem landsliðsþjálfari og þjálfarastarf sitt í Danmörku.

„Það er frekar kostur en hitt. Ég kem nú ferskur inn í landsliðið með nýjar hugmyndir enda er ég nú að helga mig þjálfarastarfinu algerlega. Það gefur mér einnig kost á því að fylgjast mjög vel með og hef ég séð marga leiki, þó aðallega í Þýskalandi og Danmörku.“

GOG komst í fréttirnar í sumar vegna erfiðrar fjárhagsstöðu félagsins en nú horfir til betri vegar í þeim málum. „Það var mikil óvissa en mér sýnist að menn séu að ná tökum á þessu. Ég vona það allavega. Liðinu hefur gengið vel. Við höfum náð í fjórtán stig af sextán mögulegum í deildinni og erum komnir í undanúrslit í bikarkeppninni. Ég er því hæstánægður í Danmörku.“ eirikur@frettabladid.is

Þrír leikmenn Blackburn hafa greinst með svínaflensuna síðustu daga:

# Svínaflensan skekur Blackburn

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildarfélagið Blackburn hefur staðfest að þrír leikmenn auk nokkurra starfsmanna félagsins hafi greinst með svínaflensuna síðustu daga. Breskir fjölmiðlar voru þegar búnir að hafa upp á því í gær að tveir fyrstu leikmennirnir til þess að greinast hefðu verið David Dunn og Chris Samba en ekki var staðfest hver sá þriðji væri.

„Ég get staðfest að um svínaflensu er að ræða og tvö nöfn hafa komið fram í fjölmiðlum í tengslum við þetta og er ekki bara best að segja það gott,“ sagði knattspyrnustjórinn Sam Allardyce hjá Blackburn á blaðamannafundi í gær en bæði Dunn og Samba misstu af 5-0 slátruninni gegn Chelsea um helgina.

„Við tilkynntum enska knattspyrnusambandinu um stöðu mála hjá okkur í vikunni fyrir leikinn gegn Chelsea auk þess að láta forráðamenn Chelsea vita en það var ekkert gert í því. Okkur var tjáð fyrir löngu að ákveðnar



**BLACKBURN** Fyrsta félagið í ensku úrvalsdeildinni sem hefur þurft að eiga við svínaflensuna. NORDIC PHOTOS/AFP

vinnureglur giltu hvað varðar svínaflensuna og þar er ekki gert ráð fyrir því að leikjum sé frestað,“ sagði Allardyce.

Enskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að verið væri að skoða möguleikann á að fresta leik Blackburn og Peterborough í enska deildarbikarnum en talsmaður Blackburn staðfesti síðar að leikurinn myndi fara fram á Ewood Park-leikvanginum í kvöld eins og áætlað var.

Málum er greinilega öðruvísi háttað í Frakklandi því um helgina var leik Marseille og Paris St. Germain í frönsku úrvalsdeildinni frestað eftir að þrír leikmenn PSG greindust með svínaflensuna. - óþ




Slökkvibifreið til sölu

til afhendingar strax

MAN 8 / 153

nýbyggður ónotaður - árgerð 1996

Tankur: 1.600L - Dælugeta: hámark 2.000L

Farþegafjöldi: 9 - Reykköfunarstólar: 2 í ökuhúsi

160 hestöfl - beinskiptur - afturhjóladrifinn

Rafdrifin slöngurúlla - 60 m slanga með stút

Verð: 7 milljónir + vsk

Sigurjón Magnússon ehf.

Námuvegi 2 - 625 Ólafsfirði

www.smagnusson.is - s. 466-3939

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| COUPLES RETREAT | kl. 5.40, 8 og 10.15 | 12 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 6 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 6, 8 og 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 9 | 16 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 500
GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 - 8D - 10:20D | 12 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| GAMER | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| FAME | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| ORPHAN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8 | 16 |
| SURROGATES | kl. 6 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6D | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 10 | 12 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| COUPLES RETREAT | kl. 8:10D - 10:30D | 12 |
| GAMER | kl. 8:15D - 10:30D | 16 |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 6:15D | L |
| FAME | kl. 6:15 | L |
| ORPHAN | kl. 10:30 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8:30 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6:15D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| COUPLES RETREAT | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| GAMER | kl. 8 | 16 |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| ZOMBIELAND | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZOMBIELAND LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| 9 | kl. 10.15 | 10 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 | 14 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ZOMBIELAND | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| CAPITALISM | kl. 6 - 9 | 7 |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl. 5.45 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 8 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 -10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.40 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| ZOMBIELAND | kl. 6.30 - 8.30 - 10.30 | 16 |
| BROKEN EMBRACES | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 | 16 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |
| ANTICHRIST | kl. 10.40 | 18 |


Sjónvarp ★★★

**Hamarinn**

Leikstjóri: Reynir Lyngdal

**Aðalhlutverk:** Björn Hlynur Haraldsson og Dóra Jóhannsdóttir

## Fínasta spenna



Spennuþáttaröðin Hamarinn lofaði svo sannarlega góðu þegar fyrsti þátturinn hafði runnið sitt skeið. Maður fékk jafnvel hroll yfir sumum atriðunum, sem maður upplifir ekki allt of oft þegar leikið íslenskt efni er annars vegar. En svo var komið að því að fylgja eftir fyrsta þættinum. Fyrst ber að nefna nokkur tæknileg atriði. Myndataka Víðis Sigurðssonar var til fyrirmyndar, látlaus og náði að fanga náttúruna án þess að hún yrði of yfirþyrmandi og ráðandi. Tónlist Bens Frost smellpassaði inn í þættina og klippingin var fagmannlega unnin. Leikstjórinn Reynir Lyngdal sýndi engin veikleikamerki og frammistaða leikara var ánægjuleg: Björn Hlynur Haraldsson og Dóra Jóhannsdóttir stóðu sig með hreinum ágætum og þau tvö voru skemmtileg tilbreytni við fremur einhæfan hóp lögreglumanna í sjónvarpi. Aðrir leikarar stóðu sig með stakri prýði. Þá var gaman að sjá hversu raunsæ lögregluatriðin voru, sem hefur vantað töluvert upp á í íslenskum sakamálaseríum. Þættina skorti hins vegar smá spennu, eitthvað sem var nógu bitastætt til að ríghalda manni fyrir framan sjónvarpið. Þeir eru engu að síður vitnisburður um að það er stutt þangað til íslenskir spennuþættir banka á dyr hinnar skandinavísku hefðar í glæpaþáttagerð.

**Freyr Gígja Gunnarsson**

**Niðurstaða:** Ágætis sería sem þó vantaði eitthvað bitastætt.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 27. október 2009**

### ➜ Tónleikar

**12.15 Hörður Áskelsson** og **Inga Rós Ingólfsdóttir** flytja verk eftir Camille Saint-Säens og Theodor Kirchner á hádegistónleikum í Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu. Enginn aðgangseyrir.

**12.15 Valgerður Guðnadóttir** verður sérstakur gestur á hádegistónleikum Óp-hópsins í Íslensku óperunni við Ingólfsstræti. Á efnisskránni verða aríur, dúettar og samsöngvar úr óperum frá ýmsum tímum.

**20.00 Íslenski saxófón-kvartettinn** verður með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Á efnisskránni verða verk eftir J.S. Bach, Scarlatti, Piazzolla, Pousseur og Shapiro.

**20.30 Elisabeth Kaiser** organisti og **Christian Raake** saxófón- og flautuleikari halda tónleika í Kristskirkju í Landakoti. Á efnisskránni verða bæði klassísk lög og djass. Aðgangur er ókeypis.

### ➜ Kvikmyndir

**20.00 Kvikmyndasafn Íslands** sýnir kvikmynd leikstjórans Gerhards Klein **„Berlin – Ecke Schönhauser"** (1957) Sýningar fara fram í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Enskur texti. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.

### ➜ Dagskrá

**20.00** Í **Hafnarfjarðarkirkju** við Strandgötu verður haldið gospelkvöld til styrktar hjálparstarfi kirkjunnar. **Edgar Smári** og hljómsveit leika gospellög og **sr. Þórhallur Heimisson** flytur hugleiðingu.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.05 Lilja Árnadóttir** kynnir starfsemi munasafns Þjóðminjasafnsins og skráningu sem fer fram á vegum þess á hádegisfyrirlestri hjá Þjóðminjasafni Íslands við Suðurgötu. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



**17.30 Auður Ingibjörg Konráðsdóttir** verður með fyrirlestur og sýnikennslu þar sem hún reiðir fram einfalda, holla, hagkvæma og bragðgóða heilsudrykki. Fyrirlesturinn fer fram hjá Maður lifandi við Borgartún 24. Nánari upplýsingar á www.madurlifandi.is.

**20.00 Karl Cogard** fjallar um bókina „Hvernig á að tala um bækur sem maður hefur ekki lesið" eftir Pierre Bayard. Fyrirlesturinn fer fram hjá Alliance Française við Tryggvagötu 8 og verður fluttur á frönsku en túlkaður á íslensku.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



**MAMMÚT** Mammút hefur gert dreifingarsamning við útgáfufélagið Rough Trade. MYND/HÖRÐUR

# Samdi við Rough Trade

Mammút hefur gert dreifingarsamning við breska útgáfufyrirtækið Rough Trade. Fyrirtækið mun kynna nýjustu plötu hljómsveitarinnar, Karkari, í samstarfi við sveitina og Record Records, sem gefur út plötur Mammúts hér á landi. „Þetta er algjör klassi. Það er vonandi að þetta boði gott en það er að sjálfsögðu ekki nóg að vera með þekkt nafn í dreifingunni. Það þarf að standa vel að kynningunni til að þetta takist vel," segir Haraldur Leví hjá Record Records. Mammút er farin á tónleikaferð til Evrópu sem stendur yfir til 27. nóvember. „Túrinn verður notaður sem hluti af kynningarferlinu," segir Haraldur.

# Snæddu saman

**Gerald Butler og Jessica Simpson sáust snæða saman á veitingastaðnum SoHo House í New York í vikunni. Butler og Jessica sátu til borðs ásamt nokkrum vinum sínum og virtist fara vel á með þeim. „Þau sátu með nokkrum vinum sínum en Jessica og Gerard, sem sátu hlið við hlið, virtust vera í sínum eigin heimi og spjölluðu í marga klukkutíma. Þau hlógu mikið og virtust daðra óspart við hvort annað áður en þau loks yfirgáfu staðinn saman," sagði sjónvarvottur.**



**DAÐRAÐI** Jessica Simspson daðraði við Gerard Butler.


Leikritunarsjóður Leikfélags Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum um starf leikskálds Borgarleikhússins árið 2010

Stjórn sjóðsins velur höfund úr hópi umsækjenda sem býðst eins árs samningur við Borgarleikhúsið. Laun, sem eru greidd mánaðarlega, taka mið af starfslaunum listamanna. Skáld skal þegar hafa sýnt árangur við skáldskap en reynsla af leikritun er ekki skilyrði. Skáldið fær aðstöðu í leikhúsinu, vinnur þar á samningstímanum og verður hluti af starfsliði Borgarleikhússins og mun njóta aðstoðar, leiðsagnar og stuðnings leikhússtjóra og leiklistarráðunauta. Stefnt er að því að velja skáld sem er líklegt til að njóta góðs af aðstöðu sinni hjá leikhúsinu.

Unnið skal að ritun leikverks á tímabilinu með uppsetningu í huga, auk þess sem skáldið kynnir sér leikhúsformið. Stefnt er að því að leikverk, eitt eða fleiri, sem unnin eru á samningstíma, verði sviðsett í Borgarleikhúsinu. Þetta er þó ekki skilyrði.

**Umsókn skal innihalda:**
- Nafn, heimilisfang, netfang, símanúmer
- Ferilskrá
- Sýnishorn af leikrænum texta (1-4 bls)
- Heimilt er að láta annað fylgja með sem umsækjandi telur að eigi erindi með umsókninni, s.s. hugmynd að leikverki sem skáldið hefur hug á að vinna á samningstímanum

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öll gögn endursend umsækjendum að loknu vali.

**Umsóknir skulu stílaðar á Borgarleikhúsið / Leikritunarsjóður LR Listabraut 3, 103 Reykjavík fyrir 20. nóvember.**

Auður Jónsdóttir var ráðin fyrsta leikskáld leikritunarsjóðs LR í upphafi þessa árs. Meðal markmiða sjóðsins er að efla nýsköpun og fjölbreytni í íslenskri leikritun, auka vægi leikritunar í samfélaginu og stuðla að því að hún njóti virðingar í samfélagi lista. Tilgangurinn er einnig að kynna hæfileikarík skáld eiginleikum og töframætti leikhússins og hvetja þau til að skrifa fyrir leiksviðið.

Borgarleikhúsið




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



> **Kate Walsh**

„Ég elska að borða góðan mat. Til að viðhalda línunum borða ég litla skammta en ég borða samt allt sem mig langar í.“

***Walsh fer með hlutverk dr. Addison Montgomery í þættinum Private Practice sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 20.20.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** MAGNÚS TEITSSON SÆTTIST VIÐ FRAMHLEYPINN MATSVEIN

## *Hve einkennilega smátt þú mælir, Altúnga*

Fyrir margt löngu, ætli áratugur sé ekki liðinn síðan, ruddist ungur Englendingur til fáheyrðra vinsælda. Hann kallaði sig Kokk án klæða í sjónvarpsþætti sínum um eldamennsku, þótt hann væri alltaf í öllum fötunum, en vissulega bjó hann til mat sem virtist ljúffengur á skjánum. Ekki var nóg með að sjónvarpsþátturinn nyti geigvænlegrar hylli, heldur spratt upp alhliða markaðsstórveldi kringum nafnið Jamie Oliver, en það heitir jú matráðurinn. Sjálfur keypti ég eitt sinn til dæmis veglega pönnu merkta fullu nafni Englendingsins fæðufróða, eins og hann hefði rétt til að ryðjast inn til mín og hirða hana af mér ef honum sýndist svo. Sem hann hefur reyndar ekki gert enn.

Þrátt fyrir að pannan nýttist mér til margra góðra rétta stóð mér alltaf viss stuggur af Jamie Oliver. Kannski var það vegna sérkennilega lélegs tónlistarsmekks hans, ekki síst ískyggilegs dálætis á hljómsveitinni Toploader og laginu Dancing in the Moonlight, sem nú er sem betur fer öllum gleymt. Kannski var það smekkur hans á barnanöfnum, en dætur hans heita Poppy Honey, Daisy Boo og Petal Blossom Rainbow. Í alvöru. Kannski var það risavaxin tungan, sem gerir hann smámæltari en nokkra manneskju sem ég hef kynnst.



Nýverið sá ég svo í sjónvarpinu að Jamie Oliver er með sýningu. Fólk borgar sig inn í þúsundavís og Jamie Oliver eldar og fer með gamanmál, auk þess sem ýmsir vinir hans og velunnarar eru kynntir fyrir áhorfendum. Ýmislegt undarlegt átti sér stað í þættinum þar sem ég komst að þessu, eins og þegar Jamie fer eftirfarandi fögrum orðum um ítalskan læriföður sinn, roskinn herramann að nafni Gennaro: „Hann er einstakur ljúflingur. Hann myndi frekar skera undan sér en að láta sér ekki annt um annað fólk.“ Ha? Hitt má Jamie Oliver eiga að hann hefur látið gott af sér leiða með herferð til að bæta skólamat í heimalandi sínu. Þar sem ég get í rauninni ekki fundið nein skotheld mótrök neyðist ég til að viðurkenna að kannski sé þessi Lundúnamælti matsveinn bara sæmilegasti náungi.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **19.35** Barnsley - Man. Utd beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.30** The Big Bang Theory STÖÐ 2



▶ **21.05** Hrunið SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** It's Always Sunny In Philadelphia STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.05** Nurse Jackie SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Útsvar** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Frumskógar Goggi** (4:26)
**17.52 Kóngulóarbörnin í Sólarlaut**
**18.15 Skellibær** (6:26)
**18.25 Fréttaaukinn** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Læknamiðstöðin** (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Aðalhlutverk: Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Hector Elizondo, Tim Daly og Paul Adelstein.
▶**21.05 Hrunið** (4:4) Í tilefni þess að ár er liðið frá því að fjármálakerfið lagðist á hliðina sýnir RÚV þáttaröð um hrunið þar sem greint verður frá því í stórum dráttum hvað gerðist.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Njósnadeildin** (Spooks VII) (3:8) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Aðalhlutverk: Peter Firth, Richard Armitage og Hermione Norris.
**23.20 Dauðir rísa** (Waking The Dead V) (3:12) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Nacho Libre**
**10.00 My Best Friend's Wedding**
**12.00 Pokemon**
**14.00 Nacho Libre**
**16.00 My Best Friend's Wedding**
**18.00 Pokemon**
**20.00 Martha Behind Bars** Dramatísk mynd um réttarferli bandarísku sjónvarpskonunnar og lífsstílsfrömuðarins Mörthu Stewart. Cybill Shepherd fer með hlutverk Mörthu.
**22.00 Something New**
**00.00 The Mother**
**02.00 Back in the Day**
**04.00 Something New**
**06.00 Amy's Orgasm**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Maularinn og Íkornastrákurinn.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 In Treatment** (17:43)
**10.55 Jamie's Chef** (2:4)
**11.50 Hell's Kitchen**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Confetti**
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Ben 10, Áfram Diego, áfram! og Maularinn.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (7:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (13:23) Hómer ákveður að breyta nafninu sínu þegar heimskuleg sjónvarpspersóna sem heitir Hómer verður fræg.
**19.45 Two and a Half Men** (9:24) Gamanmyndaflokkur um bræðurna Charlie og Alan Harper.
**20.10 Two and a Half Men** (11:24)
▶**20.30 The Big Bang Theory** (7:23) Gamanþáttur um eðlisfræðingana Leonard og Sheldon sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar. Hæfileikar þeirra nýtast þeim þó ekki í samskiptum við annað fólk og allra síst við hitt kynið.
**20.55 Chuck** (8:22)
**21.40 Burn Notice** (8:16) Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda.
**22.25 The Sopranos** (39:39)
**23.25 Ástríður** (10:12)
**23.50 Medium** (10:19)
**00.35 John From Cincinnati** (10:10)
**01.20 Confetti**
**03.00 Chuck** (8:22)
**03.45 Burn Notice** (8:16)
**04.30 The Big Bang Theory** (7:23)
**04.55 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.35 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.
**18.05 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**18.35 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
▶**19.35 Barnsley - Man. Utd** Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**21.35 Ævintýrið til Estoril** Sýnt frá einu stærsta pókermóti í Evrópu en þangað hélt hópur Íslendinga fyrr á árinu. Meðal keppenda voru bæði Auðunn Blöndal og Gilzenegger ásamt bestu pókerspilurum Íslands.
**22.00 Frys.com Open** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.
**22.55 Barnsley - Man. Utd** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**00.35 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.10 Man. City - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.50 Wolves - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Coca-Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**19.00 West Ham - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Liverpool - Man. Utd** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**23.15 Tottenham - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.20 Lífsaugað** (6:10) (e)
**08.00 Dynasty** (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Lífsaugað** (6:10) (e)
**12.40 Pepsi MAX tónlist**
**17.30 Dynasty**
**18.20 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)
**18.50 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins. Fréttaþulur er Inga Lind Karlsdóttir.
**19.05 King of Queens** (9:25) (e)
**19.30 Rules of Engagement** (4:15) (e)
**19.55 According to Jim** (10:18)
**20.25 Innlit/Útlit** (1:10) Ný, styttri og hraðari útgáfa af einum vinsælasta þætti SkjásEins frá upphafi.
**20.55 Nýtt útlit** (4:10) Að þessu sinni hjálpar Kalli mjúkri og fallegri hestakonu sem finnst erfitt að finna föt sem henta henni. Hún eyðir mestu af tíma sínum í reiðfötum í hesthúsinu en langar að komast í kvenlegan gír þess á milli og hafa sig til fyrir kærastann.
**21.50 Fréttir** (e)
▶**22.05 Nurse Jackie** (2:12) Glæný þáttaröð með kolsvörtum húmor. Jackie Peyton er hjúkrunarkona sem er snjöll í sínu starfi en getur ekki lifað daginn af án verkjalyfja og þarf að fá dópið sitt reglulega. Jackie dulbýr dópið sitt sem sætuefni en það lendir óvart í röngum höndum.
**22.35 United States of Tara** (2:12) Tara þarf að víkja fyrir „Alice“, sem er hin fullkomna húsmóðir með allt á hreinu.
**23.10 The Jay Leno Show**
**00.00 CSI: New York** (7:25) (e)
**00.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Vestlenskar ferðavalkyrjur verða gestir Hrafnaþings í dag.
**21.00 Grædlingur** Guðríður Helgadóttir leiðbeinir fólki um haustverkin í garðyrkju.
**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi** Hagfræðingurinn og alþingismaðurinn ræðir um stjórnmál á Íslandi.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Fjölskyldan þín á Ruby Tuesday

PIPAR • SÍA • 91836

**Það er alltaf einn í hverri fjölskyldu með sérþarfir.**

**Þess vegna höfum við matseðilinn hjá Ruby Tuesday svona fjölbreyttan.**




RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

Höfðabakka 9 & Skipholti 19

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.55**

### Chuck

Önnur serían af drepfyndnum og hröðum spennuþáttum um Chuck Bartowski sem lifði frekar óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Innlit/Útlit - NÝTT**
**SkjárEinn kl. 20.25**

Innlit/útlit hefur fylgt SkjáEinum frá fyrstu tíð og nú fær þátturinn nýtt og ferskt útlit. Boðið verður upp á ýmsar nýjungar í vetur og fólk aðstoðað við að breyta og bæta heimili sín. Áhorfendur fá að sjá einfaldar og ódýrar lausnir á hinum ýmsu vandamálum og bryddað verður upp á ýmsum nýjungum. Nýr stjórnandi þáttarins er Katrín Fjeldsted innanhússarkitekt.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Söngvarar blárrar sveiflu
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Flakk
**14.03** Breiðstræti
**15.03** Útvarpssagan: Á eigin vegum
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Vændi á Íslandi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.20** Tríó
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**23.05** Sumar raddir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** | XA-Radíó | **FM 96,3** | FM Suðurland | **FM 90,1** | Rás 2 |
| **FM 90,9** | Gullbylgjan | **FM 96,7** | Létt Bylgjan | **FM 102,2** | Útvarp Latibær |
| **FM 91,9** | Kaninn | **FM 97,7** | X-ið | **FM 102,9** | Lindin |
| **FM 93,5** | Rás 1 | **FM 98,9** | Bylgjan | **FM 105,5** | Útvarp Boðun |
| **FM 95,7** | FM957 | **FM 99,4** | Útvarp Saga | | |

## EXTRA

**16.30 Doctors** (16:26)
**17.00 Doctors** (17:26)
**17.30 Ally McBeal** (3:23) Ný þáttaröð um lögfræðinginn Ally McBeal. Loksins er farið að birta til í einkalífi Allyar og hún er komin með nýjan kærasta upp á arminn.
**18.15 Seinfeld** (15:24)
**18.45 Doctors** (16:26)
**19.15 Doctors** (17:26)
**19.45 Ally McBeal** (3:23)
**20.30 Seinfeld** (15:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 It's Always Sunny In Philadelphia** (3:15) Gamanþáttaröð sem fjallar um fjóra vini sem reka saman bar en eru of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að til árekstra komi upp.
**22.15 So You Think You Can Dance** (5:25) Dansæðið er hafið í sjötta sinn og hefur keppnin aldrei verið vinsælli. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
**23.00 So You Think You Can Dance** (6:25)
**23.45 Big Love** (7:10) Bill Henrickson lifir svo sannarlega margföldu lífi. Hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn, auk þess sem hann rekur eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli.
**00.40 John From Cincinnati** (10:10)
**01.30 Fangavaktin** (5:8)
**02.00 Sjáðu**
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**

## BBC entertainment

**12.35** Lab Rats **13.05** Blackadder the Third **13.35** My Hero **14.05** My Hero **14.35** Lab Rats **15.05** The Weakest Link **15.50** Blackadder the Third **16.20** My Hero **16.50** My Hero **17.20** Lab Rats **17.50** EastEnders **18.20** The Weakest Link **19.05** My Family **19.35** Coupling **20.05** No Heroics **20.30** Little Britain **21.00** Spooks **21.50** My Family **22.20** Coupling **22.50** Little Britain **23.20** Lab Rats **23.50** EastEnders

## DR 1

**12.00** Aftenshowet med Vejret **12.30** Sporlos **13.00** Landsbyhospitalet **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Braceface **15.55** Den lyserode panter **16.00** Klima Nord **16.30** Lille Nord **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag **19.30** By på Skrump **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Wallander, næste skridt **22.40** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **23.20** Truslen fra dybet

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **12.55** Offentlige hemmeligheter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Andre avenyen **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16,10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Doktor Åsa **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Frosken og venene **17.05** Molly Monster **17.15** Oisteins blyant **17.20** Tegneby **17.25** Milly og Molly **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Ferskvannsfiskerne **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** Slanke Sussie **23.50** Kva no, herr president?

## SVT 1

**12.50** I regnskuggans land **13.45** Vi mötte stormen **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Mitt i naturen **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Den stora resan **20.00** Andra Avenyn **20.45** Rushmore **22.15** Kulturnyheterna **22.30** Livvakterna **23.30** Ett fall för Louise




# Jóla hvað!

## Pantaðu jólahlaðborð núna



Það er óhætt að lofa fjörugu jólahlaðborði í Súlnasal Hótel Sögu. Ríkulegt hlaðborðið býður upp á allt það girnilegasta í forréttum, aðalréttum og eftirréttum. Á meðan maturinn leikur við bragðlaukana kitla Laddi, Steinn Ármann og Hjörtur Howser hláturtaugarnar með einstöku gríni og glensi. Eftir það verður erfitt að sitja kyrr því að skemmtidagskránni lokinni leikur hin frábæra hljómsveit Saga Class fyrir dansi.

*Dagsetningar: 20., 21., 27. og 28. nóvember og 4., 5., 11. og 12. desember.*



## Matur, skemmtun og dans í Súlnasal

Í nóvember bjóðum við upp á sömu skemmtidagskrá og dansleik með 3ja rétta matseðli í stað jólahlaðborðs. Tilvalið fyrir smærri fyrirtæki og hópa til að gera sér glaðan dag.

*Dagsetningar: 6., 7., 13. og 14. nóvember.*

## Borðapantanir á hotelsaga@hotelsaga.is

Sími: 525 9900 • www.hotelsaga.is.

Radisson SAS
HOTEL SAGA, REYKJAVÍK

PIPAR • SÍA • 91733

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég sé ekkert eftir McDonald‘s úr landi, enda ég er mjög lélegur skyndibitamaður. Fer helst á Búlluna, en ef ég vil hafa það fínt fer ég á Austur-Indíafjelagið. Það er uppáhalds veitingastaðurinn minn, enda er ég veikur fyrir indversku.“*

Karl Sigurðsson, Baggalútur.

# Íslensk þjóð á amerískum kúr

Dómar um Airwaves halda áfram að birtast á erlendum fréttaveitum en fjöldi erlendra blaðamanna dvaldi hér á landi og tók út íslensku tónlistarsenuna.

Breska blaðið Telegraph státar eflaust af skemmtilegustu umfjölluninni þar sem blaðamaðurinn Huw Nesbitt er undrandi á amerískum áhrifum í Reykjavík. Nefnir hann sem dæmi að í Reykjavík sé til að mynda féránlegur fjöldi klukkuverslana og amerískra veitingastaða og við enda Laugavegarins sé meira að segja Fíladelfíusöfnuður. Nesbitt hefur augljóslega ekki haft hugmynd um að McDonald‘s væri að fara að loka. Þá kveðst hann hafa heimildir fyrir því að Íslendingar hafi þrifist á bandarísku sjónvarpsefni, pylsum og innflutningi á dýrum pallbílum frá Ford þegar góðærið stóð sem hæst. „Þeir fluttu þá inn eins og enginn væri morgundagurinn. En svo kom morgundagurinn og landið varð gjaldþrota.“

Nesbitt notar ekki bara greinina til að hæðast örlítið að gestgjöfum sínum því hann hrósar íslenskum tónlistarmönnum í hástert. Nefnir hann sérstaklega tónleika Hjaltalín í Fríkirkjunni og For a Minor Reflection í Iðnó þar sem þakið hafi hreinlega rifnað af húsinu. Stjarna hátíðarinnar sé hins vegar FM Belfast, sem Nesbitt segir hafa farið á kostum á Nasa. Þeir tónleikar hafi staðið upp úr á annars ágætri hátíð að mati blaðamannsins.

- fgg





**FORD OG FM BELFAST** Blaðamaður Telegraph á eina skemmtilegustu umfjöllunina um Airwawes-hátíðina en hann segir **FM Belfast** vera stjörnu hátíðarinnar og að Íslendingar hafi þrifist á innflutningi á pallbílum frá **Ford**. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON



**LÁRÉTT** 2. bæta við, 6. úr hófi, 8. dýrahljóð, 9. umrót, 11. tveir, 12. svölun, 14. gáleysi, 16. í röð, 17. niður, 18. súld, 20. skóli, 21. masa.
**LÓÐRÉTT** 1. íþrótt, 3. tveir eins, 4. umhverfis, 5. kk nafn, 7. agndofa, 10. sólunda, 13. þangað til, 15. nýlega, 16. rökkur, 19. á fæti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. auka, 6. of, 8. urr, 9. los, 11. ii, 12. fróun, 14. vangá, 16. hi, 17. suð, 18. úði, 20. ma, 21. mala.
**LÓÐRÉTT:** 1. golf, 3. uu, 4. kringum, 5. ari, 7. forviða, 10. sóa, 13. uns, 15. áðan, 16. húm, 19. il.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Átta bréf af sautján.
2. Stofnun bandalags í anda Evrópusambandsins.
3. Guðmundur Magnússon.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

ARNALDUR INDRIÐASON: NÁLGAST SEX MILLJÓNA MÚRINN

# Svörtuloft keyrð út til lesenda á sunnudagsmorgun

„Mér líst alveg ágætlega á þetta framtak og kalla þetta nú góða þjónustu,“ segir Arnaldur Indriðason rithöfundur. Nýjasta bók hans, Svörtuloft, kemur út, samkvæmt öllum hefðum og reglum, hinn 1. nóvember. Þann dag ber hins vegar upp á sunnudegi, sem er ekki alveg besti dagurinn til bókakaupa, og því hefur starfsfólk Eymundsson ákveðið að keyra bókina út til þeirra sem tryggja sér eintak í forsölu. Arnaldur kveðst ekki viss um hvort hann myndi nýta sér svona ókeypis heimsendingu á bók eftirlætishöfundar síns ef hún væri í boði. „Það má samt alveg vel vera.“

Ingþór Ásgeirsson hjá Eymundsson segir þetta hafa verið gert einu sinni áður og þá með Harry Potter. „Þetta er hins vegar nýtt með íslenska bók og starfsfólkið er ákaflega spennt fyrir þessu framtaki,“ útskýrir Ingþór og bætir því við að heppnir aðdáendur Arnaldar fái rjúkandi morgunkaffi með. „Örugglega bíða margir spenntir eftir Svörtuloftum því bækur Arnaldar eru eiginlegar hættar að vera bara jólagjöf, fólk kaupir sér þær fyrir sjálft sig, það getur ekki beðið til jóla.“ Ingþór er hvergi banginn við þann fjölda sem hugsanlega mun nýta sér þjónustuna, segist vera með ökumenn á bakvakt sem geti auðveldlega komið til bjargar ef fjöldinn verði gríðarlegur. Hann tekur jafnframt fram að þessi heimsending verði í boði fyrir þá staði úti á landi þar sem Eymundsson er með verslun.

En þá aftur að Arnaldi. Samkvæmt síðustu tölum frá réttindaskrifstofu Forlagsins er hann nú að verða búinn að selja sex milljónir eintaka á heimsvísu. Fréttablaðið greindi frá því í fyrra að fimm milljónir eintaka væru seldar og því er þetta tæp milljón eintaka á einu ári sem Arnaldur hefur selt. „Þetta er býsna flott, salan fer mest vaxandi á Spáni og í Frakklandi en þeir síðastnefndu hafa verið mjög áhugasamir um verk mín, það hefur eiginlega komið mér mest á óvart.“ Arnaldur hefur einnig fengið frábæra dóma á Bretlandi að undanförnu en höfundurinn telur þann markað vera mun erfiðari en fólk geri sér grein fyrir. „Þeir þýða sáralítið og það er mjög erfitt að ná einhverjum árangri þar í sölu. Þeir láta sér yfirleitt nægja að gefa út enskumælandi höfunda en dropinn holar steininn, vonandi, bækurnar hafa fengið góðar viðtökur og unnið til verðlauna.“

freyrgigja@frettabladid.is



**KEYRÐUR ÚT** Nýjasta bók Arnaldar Indriðasonar, Svörtuloft, verður keyrð út til þeirra sem tryggja sér bókina í forsölu. Hún hefst í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Páll Ásgeir Ásgeirsson**, fyrrum Gettu betur-dómari, launaði fyrrverandi samherjum sínum frá Ísafirði lambið gráa í Útsvari á laugardaginn. Páll Ásgeir keppti fyrir hönd Ísafjarðar fyrir um ári en birtist sem símavinur Hafnarfjarðar þegar bæjarfélögin öttu kappi á RÚV. Tengingin var kannski augljós, Páll Ásgeir og Gísli Ásgeirsson, liðsmaður Gaflara, eru jú bræður. Gettu betur-dómarinn reyndist þyngdar sinnar virði í gulli því hann tryggði Göflurum tíu stig þegar hann svaraði spurningu þeirra rétt.



Fangavaktin hefur slegið í gegn og ekki síst hið litríka nýja persónugallerí sem þar er boðið upp á. Á vefsíðu Stöð 2 stendur nú yfir könnun þar sem spurt er hver sé fyndnastur í þáttunum. Við fyrstu sýn mætti ætla að gamli góði Ólafur Ragnar myndi rúlla þessu upp en svo er aldeilis ekki, því nýliðinn Kenneth, leikinn af **Birni Thors**, var í gær stigahærri en Ólafur Ragnar. Þriðji möguleikinn í könnuninni, Georg Bjarnfreðarson, var svo mun neðar.



Talandi um Fangavaktina. Leikstjórinn Ragnar Bragason hamast nú við að klára kvikmyndina Bjarnfreðarson, sem á að frumsýna annan í jólum. Ragnar hugsar þó vitaskuld lengra fram í tímann og er farinn að þefa utan í næsta verkefni. Hann hefur sýnt nýrri bók **Óttars M. Norðfjörð,** Paradísarborginni, mikinn áhuga og sér hana jafnvel fyrir sér sem næstu kvikmynd. Ragnar segir bókina virkja sjónrænt ímyndunarafl sitt og vera eina frumlegustu skáldsögu sem hann hafi lesið lengi. - fgg, drg






# Atvinnumenn borguðu plötu

Atvinnumennirnir Ólafur Stefánsson, Róbert Gunnarsson, Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson eru á meðal þeirra sem styrktu Ívar Bjarklind við gerð annarrar sólóplötu hans, Tíu fingur og tær. Allur ágóði plötunnar rennur til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.

„Ég bjó til góðgerðapakka í kringum þetta og þetta voru náungarnir sem voru til í að styrkja mig,“ segir Ívar, sem er sjálfur fyrrverandi fótboltakappi. „Ég fór af stað með þetta í miðju bankahruni þegar svartnætti var í íslensku samfélagi. Þetta var spurning um að leita til þeirra sem maður kannast aðeins við og þekkja mann að einhverju leyti. Mörgum fannst þetta mjög skrítið konsept og við bjuggumst ekkert við að þetta myndi ganga upp en ég gaf mig ekkert með þetta. Ég fékk mjög jákvæð svör í byrjun og það hvatti mig til að halda áfram.“ Á meðal annarra sem styrktu gerð plötunnar voru Arnór Atlason, Jóhannes Karl Guðjónsson, Pálmi Rafn Pálmason og tvíburabræðurnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir.

Þrjú ár eru liðin síðan síðasta plata Ívars, Blóm eru smá, kom út. Um svipað leyti fór hann að vinna á auglýsingastofu en eftir að hann hætti þar um síðustu áramót fór hann að huga aftur að tónlistinni. Útgáfutónleikar vegna plötunnar verða haldnir á Batteríinu 20. nóvember.

- fbw



**GÓÐUR LIÐSSTYRKUR** Ívar Bjarklind fékk góða hjálp við gerð sinnar nýjustu plötu en meðal þeirra sem styrktu gerð hennar var Ólafur Stefánsson handboltakappi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Góa og Fjarðarkaup kynna með stolti
DVD &CD
GLÆSILEG TÓNLEIKAUPPTAKA FRÁ 2008
KEMUR ÚT Á FÖSTUDAGINN Á CD OG DVD
20% AFSLÁTTUR AF ÞESSUM VEGLEGA PAKKA
FYLGIR HVERJUM TÓNLEIKAMIÐA*
Jólagestir Björgvins
Laugardaginn 5. desember
í Laugardalshöllinni
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
BORGARDÆTUR
DIDDÚ
EGILL ÓLAFSSON
HELGI BJÖRNSSON
KRUMMI
LADDI
PÁLL ÓSKAR
RAGGI BJARNA
SAVANNA TRÍÓIÐ
SIGRÍÐUR OG HÖGNI
ÚR HJALTALÍN
ÞÚ OG ÉG
HRYNSVEIT BJÖRGVINS · STRENGJASVEITIN REYKJAVÍK SESSION ORCHESTRA
KARLAKÓRINN ÞRESTIR · BARNAKÓR ÚR KÁRSNESSKÓLA · MEÐLIMIR ÚR GOSPELKÓR REYKJAVÍKUR
MIÐASALA HEFST Á FÖSTUDAGINN KL. 10:00**
Stofnað 1968
FK
FJARÐARKAUP
Miðasala á midi.is og á sölustöðum Miði.is
*Nánari upplýsingar um 20% afsláttartilboðið í staðfestingarpósti frá Miði.is.
** Póstlistaforsala Bravó hefst 29. október kl. 14.00 -Skráning á www.bravo.is
bravó!
Góðar stundir

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

**BAKÞANKAR**
Páls Baldvins Baldvinssonar



# *Myndskreyttir menn*

Eigum við ekki að fara í lagningu?" spurði hann því framundan var boð með skemmtilegum konum og við áttum bara að vera tveir þótt sá þriðji bættist reyndar í hópinn. Ég svaraði: „Jú, og kantskurð og vax." Svarið kom hratt: „Brasilískt?"

**ÞAÐ** var reyndar tekið að bera á fullvaxta karlmönnum í sturtunum sem voru greinilega vanir vaxmeðferð og varla með stingandi strá á sér svo sjáanlegt væri. Eldri menn komu stundum gáttaðir inn í klefana þar sem þessi hönk voru að smyrja sig alla með einhverjum kremum, þeir eldri stóðu opinmynntir og störðu í forundran á þessa kynbræður sína sem voru hárlausir eins og kjúklingar eftir vatnsmeðferð. Margir þeirra voru líka myndskreyttir, lagðir borðum og blómum og í merkilegustu tilvikunum með kvenmannsnöfn á hupp eða brjósti: Ragnhildur stóð þar skýrum stöfum með rúnaletri.

**TÍSKAN** var vaxandi og síðsumars meðan sólin skein eins og galin hópuðust stelpugimpin á bakkana í efnislitlum slíðrum sem sýndu sem mest af bæsuðu holdinu: GUMMI stóð með gotnesku letri á einni ljóskunni sem var greinilega ekki naturel þegar hún fór að teygja sig og reigja fyrir einhvern drenginn sem var í pottinum: eldri konur stóðu þá og fóru hljóðlega uppúr pottinum enda hafði hún greinilega látið bæta grömmum á rétta staði, væntanlega fyrir Gumma.

**EN** holdið er mold. Framundan var viðburðaríkt ævi með ævintýrum og stórum örlögum og svo kæmi að því að lokum að allt tæki að slappast og lesmálið yrði óskýrt á miðbakinu neðarlega og þá stæði bara eftir læsilegt UMM. Boltarnir yrðu enn á sínum stað en allt annað látið undan lífinu þótt brúnkukremin væru enn í fullri notkun á hátíðisdögum og mín kona tryði enn á mátt sólarinnar á sínu dvalarheimili. Brún skyldi hún vera fram í dauðann: jafnvel þótt starfsstúlkan kallaði á eftir henni fram í búningsklefann: Íris Ösp mín, þú hefur gleymt tönnunum þínum í sturtunni!

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 27. október 2009, 300. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.55 | 13.11 | 17.27 |
| Akureyri | 8.48 | 12.56 | 17.03 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

